



Opið á frídegi
verslunarmanna

í Engihjalla, Vesturbergi
og Arnarbakka

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
2. ágúst 2014
180. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

**MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI***

*Samkvæmt þrenniáskömum Laugaveg Gullu apríl-júní 2014



TREYSTI ÍSLANDI FYRIR LÍFI SÍNU

Ibrahim Faraj flúði frá Líbú þegar hann fór á svartan lista einræðisherrans. Hann sótti um hæli á Íslandi og beið í tíu ár eftir langþráðum ríkisborgara-
rétti. Á Íslandi kynntist hann ástinni og býr nú á Akranesi ásamt konu sinni, Linu Falah, palestínskum flóttamanni sem flúði hingað frá Írak. ▶ 16



ÓSKAR EFTIR GÚRKU
Stefán Magnússon, sem heldur Eistnaflug, skilur ekki ofbeldið á útihátíðunum. ▶ 20



**ÚTSALA
OPIÐ TIL 18**

SMÁRALIND

Kringlan
AF ÖLLU HJARTA

ÚTSÖLULOK

OPIÐ FRÁ 10-18 Í DAG

LYFJA
- Lífið heil

Opið alla helgina
- einnig mánudag frá kl. 8-24
í Lyfju Lág múla og Smáratorgi

www.lyfja.is

GLEÐIFRÉTTIN

Íslenskur farþegi lagaði bilun í flugvél

Íslendingur sem var farþegi í flugi Primera Air frá Spáni til Íslands síðastliðinn miðvikudag lagaði bilun í vélinni þannig að ekki þurfti að seinka ferðinni hingað til lands um sólarhring. Farþeginn, sem heitir Davíð Aron Guðnason, er flugvirki að mennt og bjargaði þarna hundrað og áttatíu farþegum frá því að verja nóttinni á hóteli. Davíð var ekki nema um hálf tíma að gera við vélina og hlaut mikið lófatak frá öðrum farþegum vélarinnar þegar þeim var tilkynnt um afrekið.



FIMM Í FRÉTTUM FÁTÆKT, FAÐMARI OG FACEBOOK-ÁSKORUN



Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar, mun leiða vinnuhóp nýrrar velferðarvaktar sem fjalla á um sára fátækt á Íslandi. Hún segir að samkvæmt tölum Hagstofunnar búi um sex til sjö þúsund manns við sára fátækt.



Stefán Magnússon, skipuleggjandi Eistnaflugs, vakti athygli í vikunni þegar áskorun um að hætta að halda hátíðir komi upp kynferðisafbrot fór á flug á samfélagsmiðlum. Hann hefur lýst því yfir að slíkt verði ekki liðið á Eistnaflugi og hefur aldrei verið kærð nauðgun eftir hátíðina.



Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra komst enn og aftur í fjölmiðla í vikunni vegna lekamálsins. Nú er hún borin sökum um að hafa þrýst á Stefán Eiríksson lögreglustjóra við rannsókn málsins og hefur verið hvött til þess að svara spurningum fjölmiðla hreint út.



Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar, var ósátt við það í vikunni að stofnunin fær ekki að nýta sértektur sínar.



Nikulás Ari Hannigan hleypur til styrktar Parkinsonsamfélagsins í Reykjavíkumarkaðinum í ágúst. Hann safnar áheitum með því að kasta kveðju á fólk, knúsa eða gera dyraat.

VIKAN 27.06.→02.08.2014

SUNNUDAGUR Mikill viðbúnaður Lögreglan í Noregi var með mikinn viðbúnað vegna gruns um hryðjuverk á mánudeginum. Kostnaður vegna þessa hljóp á milljónum.

MÁNUDAGUR Ótækt húsnæði Tveir ungir vinir á Hellissandi tóku sig til og sendu Snæfellsbæ bréf þar sem þeir biðja um betra húsnæði undir félagsmiðstöðina sína.

ÞRIÐJUDAGUR Gasaátök sem útrýmingarherferð Sveinn Rúnar Hauksson, formaður félagsins Ísland-Palæstína, ritaði opið bréf til Baracks Obama Bandaríkjaforseta þar sem hann skorar á hann að stöðva blóðbaðið. Í bréfinu líkti hann árásum Ísraels við útrýmingarhöfðingjastöðina í seinni heimstyrjöldinni.



MIÐVIKUDAGUR Endurskoða þarf meidryðalög Skýrsla Alþjóðlegru fjölmiðlastofnunarinnar leiddi í ljós að meidryðalög á Íslandi er nokkuð ströng í samanburði við Evrópu. Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild HÍ, segir kominn tíma á endurskoðun.

FIMMTUDAGUR Klórklúður í Vesturbænum Barnalaugin í Vesturbæjarlaug var lokað vegna of mikils klórmagns sem stóðst ekki kröfur Heilbrigðiseftirlitsins.

FÖSTUDAGUR Ný hola í Surtsey Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur fer ásamt samstarfsmönnum í Surtsey til þess að gera rannsóknir. Hann hefur ekki rannsakað eyna áður.

LAUGARDAGUR Hallalausum fjárlögum stefnt í hættu



„Það er ekki útséð með það að markmið ríkisstjórnarinnar gangi eftir. Margir liðir eru á leið fram úr áætlun.“ **► SÍDA 6**

Bjarkey Gunnarsdóttir, þingmaður Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs, um

fjárlög ársins 2014.

Stefán Eiríksson tekur undir með ráðherra

Hanna Birna Kristjánsdóttir segist aldrei hafa boðað Stefán Eiríksson, fráfaramandi lögreglustjóra, sérstaklega á fund til að ræða lekamálið. Stefán gerir engar athugasemdir við frásögn hennar. Umboðsmaður Alþingis tekur afstöðu til þess á næstu dögum hver næstu skref í málinu verða.

STJÓRNSÝSLA Stefán Eiríksson, fráfaramandi lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, gerir engar athugasemdir við frásögn Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra af samskiptum þeirra tveggja á meðan lekamálið svokallaða var til rannsóknar hjá embætti Stefáns. Hanna Birna segist í bréfi til umboðsmanns Alþingis hafa átt fjóra fundi með Stefáni frá því að rannsóknin hófst en að enginn þeirra hafi verið boðaður til að ræða lekamálið sérstaklega.

„Ég geri engar athugasemdir við það sem kemur fram í þessu bréfi,“ segir Stefán. Hann segist jafnframt hafa komið þeirri gagnrýni, sem Hanna Birna kom á framfæri við hann í þessum samtölum, áleiðis til ríkissaksóknara en í bréfi Hönnu Birnu segir að hún hafi spurt lögreglustjórann um hvenær rannsókn málsins lyki og um öryggi gagna sem lögreglan fékk aðgang að vegna rannsóknarinnar.

Bréf Hönnu Birnu var svar við fyrirspurn umboðsmanns Alþingis sem óskaði fyrir í vikunni eftir upplýsingum um samskipti þeirra Stefáns eftir að fullyrt var í frétt DV að Stefán hefði sagt upp störfum vegna „undirliggjandi hótana“ og „ítrekaðra afskipta“ Hönnu Birnu meðan á rannsókn lekamálsins stóð.

Hanna Birna svarar því í bréfinu að hún hafi „á engum tímamarki reynt að hafa áhrif á rannsóknina“ og að hún hafi spurt Stefán sérstaklega hvort honum þætti á einhvern hátt „óviðeigandi eða óþægilegt“ að hún ræddi við hann um málið. Stefán hafi svarað því að svo væri ekki og þetta undirstrikar hann í samtali við Fréttablaðið.

„Mér þykir ekkert óþægilegt að tala við ráðherra,“ segir Stefán.

Í fyrirspurn umboðsmanns Alþingis



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR Ráðherrann segist á engum tímamarki hafa reynt að hafa áhrif á rannsókn málsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



„Mér þykir ekkert óþægilegt að tala við ráðherra.“

Stefán Eiríksson, fráfaramandi lögreglustjóri.

er einnig óskað eftir tiltækum gögnum um símtöl Hönnu Birnu og Stefáns á þessu tímabili. Hanna Birna segir í svari sínu að hún eigi eðli málsins samkvæmt oft í samskiptum við forstöðumenn undirstofnana ráðuneytis hennar án þess að haldin sé skrá um þau samskipti.

Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, segir að afstaða verði tekin til þess á næstu dögum hver næstu skref í málinu verða.

bjarkia@frettabladid.is

Verslunareigendur mega ekki birta efni úr öryggismyndavélum verslananna:

Lög um birtingu brotin ítrekað

PERSÓNUVERND „Búð sem er með eftirlitsmyndavél má ekki setja þetta á netið, það er ekki hennar hlutverk. Hún má bara afhenda lögreglu upptökuna,“ segir Þórður Sveinsson, forstöðumaður lögfræðisviðs Persónuverndar. Stofnunin gaf í gær út tilkynningu á vef sínum til að árétta reglur um opinbera birtingu mynda úr eftirlitsmyndavélum.


„Það er verið að gera athugasemd við það að þeir sem vakta setji myndirnar sjálfir á netið,“ segir Þórður. Hann segist hafa orðið var við ítrekuð dæmi um þetta í fjölmiðlum.

Í flestum tilfellum er tilgangurinn með því að birta slíkt myndefni sá að hafa uppi á einhverjum sem grunaður er um refsivert athæfi. Samkvæmt persónuverndarlögum má hinn

almenni borgari ekki afhenda neinum þetta efni öðrum en lögreglu, og þá þarf að eyða öðrum eintökum af efninu.

Þórður bendir á að lögreglu kunnir þó að vera heimilt að birta myndirnar á netinu í leit að grunduðum samkvæmt þeim lögum sem hún starfar eftir. Persónuvernd hefur þó ekki tekið efnislega afstöðu til þessa.

Að sögn Þórðar hefur Persónuvernd í gegnum tíðina sent þeim bréf sem birt hafa myndefni sjálfir, minnt á reglurnar og í að minnsta kosti einu tilfelli úrskurðað að aðili hafi brotið gegn reglum um persónuvernd. Það var árið 2011 þegar öryggismyndband sem virtist sýna þjófnafn var sett á Youtube en ekki afhent lögreglu.



ÖRYGGISMYNDAVÉL Dæmi eru um að almenningur reyni sjálfur að hafa uppi á aðilum með dreifingu efnis úr öryggismyndavélum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Krít
14. ágúst

Örfá sæti laus

Verð frá frá 79.900 kr.*

*Flug fram og til baka með flugvallasköttum. Skoðið tilboðin á www.vita.is

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

VITA er lífið

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444

ÚTSALA SÍÐASTI DAGUR

Götumarkaður og ótrúleg verð!

OPIÐ FRÁ 10-18 Í DAG

Lokað sunnudag
og mánudag, frídag verslunarmanna

Kringlan

KRINGLAN.IS

AF ÖLLU HJARTA

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
#KRINGLANICELAND

26.07.2014 → 01.08.2014

5 íslenskir skákstjórar héldu í vikulokin til Tromsø í Noregi til að vera á Ólympískák-mótinu sem þar fer fram.

298.700 króna verðmunur er á dýrari og ódýrari pakka sem karlkyns hjólréiðamanni býðst til að græja sig upp að fullu hjá hjólréiðaversluninni Erninum.

10% fjölgun hafði um miðja vikuna orðið á fjölda félaga í Íslandi-Palestínu.

6 ára hámarksrefsing liggur við því hér á landi að smána erlent ríki. Hér er refsirami við slíkum brotum mun þyngri en í öðrum ríkjum Evrópu.

706 selir sáust í selatningunni miklu sem haldin var á vegum Selaseturs Íslands 27. júlí.

92 mínútur liðu áður en tókst að koma símkerfi Landspítalans aftur í gang á miðvikudagsmorguninn var. Neyðarsímar og innanhússlúsur biluðu þó ekki. Ekki var hægt að hringja í spítalann frá 10.01 til 11.33.

350% aukning hefur orðið á komum skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar á síðustu fimm árum.

VELTUMESTU Í JÚLÍ

| Félag | Milljónir króna | Velta |
|------------------|-----------------|-------|
| Icelandair Group | 2.935 | |
| Hagar | 1.822 | |
| Sjóvá | 1.450 | |
| HB Grandi | 1.337 | |
| Eimskipafélagið | 1.198 | |

Heimild: Nasdaq OMX Iceland

Velta eykst um 15 prósent: **Virði félaga í Kauphöll eykst**

VIÐSKIPTI Virði skráðra félaga á Aðalmarkaði og First Northmarkaði Kauphallar Íslands (Nasdaq OMX Iceland) var í nýliðnum mánuði tæpum fjórðungi, 24,6 prósentum, meira en í júlí í fyrra. Samanlagt markaðsvirði félaganna 17 nam í lok mánaðarins 608 milljörðum króna, samanborið við 488 milljarða í júlí 2013.

Fram kemur í tilkynningu Kauphallarinnar að viðskipti með hlutabréf hafi numið 13.897 milljónum í júlí eða 604 milljónum á dag. „Þetta er 15 prósent hækkun á milli ára,“ segir þar, en viðskipti í júlí 2013 námu 527 milljónum króna á dag. - óka



FRAKKLAND

Airbus fer í hunangið
Flugvélaframleiðandinn Airbus hefur hafið framleiðslu á hunangi. Fyrirtækið hefur komið upp býflugnabúum nálægt flugvöllum í Þýskalandi og greinir hunangið sem verður til í búunum til að athuga áhrif flugumferðarinnar á umhverfið. Forsvarsmenn Airbus taka umhverfisvernd mjög alvarlega og segja þeir að það sé ein ástæða þess að farið var út í hunangframleiðsluna. - fb

Fullgilding bíður breytinga á lögum

Istanbul-samningurinn um að berjast gegn heimilisofbeldi og ofbeldi gegn konum tók gildi í gær. Þetta er fyrsti bindandi alþjóðasamningurinn sem tekur á málinu. Ísland var með fyrstu ríkjum til að skrifa undir, en hefur ekki fullgilt samninginn.

UTANRÍKISMÁL Ísland var á meðal fyrstu 13 aðildarríkja Evrópuráðsins til að undirrita samning um að koma í veg fyrir og berjast gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi. Skrifað var undir samninginn í Istanbul í Tyrklandi 11. maí 2011. Samningurinn tók í gær gildi í 11 löndum. Ísland er þó ekki í þeim hópi.

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu er fullgilding alþjóðasamninga tímabær og kallar á skoðun á íslenskri löggjöf af hálfu viðkomandi fagræðuneytis og í mörgum tilvikum á lagabreytingar. Í tilviki Istanbul-alþjóðasamningsins er það fagræðuneyti innanríkisráðuneytið.

Samkvæmt heimildum blaðsins eru kvaðirnar sem samningurinn leggur á ríki svo viðamiklar að kallar á breytingar á lögum hér. Unnið hefur verið að frumvarpi um breytingar í innanríkisráðuneytinu, án þess þó að það hafi enn litið dagsins ljós.

Ríki sem fullgilda samninginn skuldbinda sig meðal annars til að þjálfa sérfræðinga í nánnum samskiptum við fórnarlömb; standa reglulega að kynningarherferðum til vitundarvakningar um ofbeldið og skaðsemi þess; taka markviss skref til aukins kynjajafnréttis og framleiða kennsluefni um ofbeldislaus úrlausn vandamála í nánnum samböndum; koma á fót meðferðarúrræðum fyrir gerendur í heimilisofbeldi og fyrir kynferðisofbeldismenn; starfa náið með sjálfstæðum félagasamtökum; og vinna með fjölmiðlum og einkageiranum í að útrýma



KRÖFUGANGA Í LÍBANON Kona heldur á lofti kröfuspjaldi í göngu í Beirút í apríl-byrjun þar sem líbönsk stjórnvöld voru hvött til að skrifa undir lög sem tækju á heimilisofbeldi. NORDICPHOTOS/AFP

Ísland á meðal 13 fyrstu landa

Auk Íslands undirrituðu Istanbul-samninginn í maí 2011 löndin Austurríki, Finnland, Frakkland, Grikkland, Lúxemborg, Portúgal, Slóvakía, Spánn, Svartfjallaland, Svíþjóð, Tyrkland og Þýskaland. Síðan þá hafa 23 lönd til viðbótar skrifað undir og eru þau því 36 í allt.

Fjórtnán lönd hafa svo staðfest samninginn og fékk hann lagagildi í ellefu þeirra í gær, en það eru Albanía, Andorra, Austurríki, Bosnía og Hersegóvína, Danmörk, Ítalía, Portúgal, Serbía, Spánn, Svartfjallaland og Tyrkland. Fyrsta nóvember næstkomandi tekur samningurinn svo einnig gildi í Frakklandi, Svíþjóð og á Möltu.

staðalímyndum og ýta undir gagnkvæma virðingu fólks í samskiptum. Þegar samningurinn var undirritaður hjá Evrópuráðinu kom

fram að hann væri fyrsti bindandi alþjóðasamningurinn sem tæki heildstætt á baráttunni gegn ofbeldi gegn konum. olikr@frettabladid.is

Bitist um vörumerkið CR7: **Ronaldo fer fyrir dómstóla**

BANDARÍKIN, AP Bandarískur maður að nafni Christopher Renzi hefur höfðað mál á hendur portúgölsku fótboltastjórnunni Cristiano Ronaldo og fataframleiðandanum JBS Textile.

Málið höfðaði hann eftir að JBS hótaði lögsókn fyrir notkun á vörumerkinu CR7 á fatnað og íþróttavörur sem Renzi framleiðir. JBS framleiðir nærbuxur og sokka með sama merki þar sem vísað er til númers Ronaldo á leikvellinum. Renzi fékk einkaleyfi á merkinu 2008, en það vísar til nafns hans og afmælis dags. Ronaldo, sem er 29 ára gamall, er einn vinsælasti knattspyrnumaður í heimi. Hann leikur með spænska úrvalsdeildaliðinu Real Madrid og landsliði Portúgal. - óka



CRISTIANO RONALDO

Erlendar skuldir minnka: **Góð staða á gjaldeyrisforða**

EFNAHAGSMÁL Gjalddeyrisforði Seðlabanka Íslands er nánast orðinn óskuldsettur. Í júní námu skuldir umfram eignir í erlendri mynt á efnahagsreikningum bankans um tuttugu milljörðum króna en þegar mest var í árslok 2009 námu þær yfir 190 milljörðum.

Bankanum hefur tekist að kaupa yfir 800 milljónir evra á millibankamarkaði frá haustinu 2010. Þetta kemur fram í útreikningum greiningardeildar Arion banka, sem segir það jákvætt að Seðlabankanum sé að takast að safna óskuldsettum forða. - bá

SONOS FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM

Sonos er kerfi þráðlausra hátalara og hljómtækja. Það sameinar stafræna tónlistarsafnið þitt og útvarpsstöðvar í einu appi sem þú getur stjórnað frá hvaða síma eða spjaldtölvu sem er.

Spotify, Google play

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

| | | |
|---------------|---------------------|-------------------|
| Alicante 32° | Friedrichshafen 28° | New York 23° |
| Áþena 32° | Gautaborg 24° | Orlando 32° |
| Basel 26° | Kaupmannahöfn 24° | Ósló 25° |
| Berlín 29° | Las Palmas 26° | París 24° |
| Billund 26° | London 22° | San Francisco 23° |
| Frankfurt 29° | Mallorca 34° | Stokkhólmur 25° |

Á MORGUN
Austlæg 3-10m/s en 7-13m/s með S-ströndinni.

MÁNUDAGUR
8-15m/s hvassast með S-ströndinni.

Vordís Eiríksdóttir veðurfréttamaður

VERSUNARMANNAHELGIN Útlit er fyrir bjartviðri N og A-lands og um tíma á Vestfjörðum. Heldur svalt í veðri þó, hiti þetta 8-15 stig yfir daginn. Víða líkur á síðdegisskúrum og rigning á köflum S- og V-lands í dag en úrkomulítið á morgun.

Auglýsingaeldir fréttablaðsins - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is. ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is. FÓLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is. RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is. PIJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is

RÝMINGAR

SAIJA

Á SUMARVÖRUM

SÍÐUSTU
DAGARNIR!
ALLT Á AÐ
SELJAST!

GARÐHÚSGÖGN 30%
FERÐAHÚSGÖGN 40%
SUMARBLÓM 20-50%
TRÉ OG RUNNAR 50%
TJÖLD 30%
GARÐLEIKFÖNG 40%
REIÐHJÓL 30%
REIÐHJÓLAHJÁLMAR 50%
BLÓMAÚTIPOTTAR 30%
GOSBRUNNAR 30%
FRÆ 30%
GARÐSTYTTUR 30%
OG ÓTAL MARGT FLEIRA

Allt að
50%
afsláttur

EINNIG ÚTSALA
Í MÖRGUM VÖRUFLOKKUM:

GARÐVERKFÆRI 20%
HEKKKLIPPUR 25%
CLABER GARÐVÖRUR 40%
KEÐJUSAGIR 25%
ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-50%
BÚSÁHÖLD 30-50%

Opið í Skútuvogi til kl. 19.00
sunnudag.

Lokað mánudag, frídag verslunar-
manna, í öllum verslunum.

Nánari upplýsingar um afgreiðslu-
tíma um helgina má finna á husa.is

GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ OG
TRYGGÐU ÞÉR SUMAR-
VÖRUR MEÐ AFSLÆTTI!


blómaval


HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Afsláttur gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar.
Úrval af rýmingarsöluvörum getur verið misjafnt milli verslana.

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Nauðungarvistaðir fá ráðgjöf: Skipa fjögurra manna teymi

SAMFÉLAGSMÁL Innanríkisráðuneytið hyggst ráða fjóra ráðgjafa til að annast ráðgjöf við nauðungarvastaða einstaklinga á sjúkrahúsi. Einn þeirra verður tilgreindur sem verkefnisstjóri og munu ráðgjafarnir vinna saman í teymi. Ráðgjafarnir verða tveir af hvoru kyni og munu ekki starfa á sjúkrahúsi. Á meðal verkefna ráðgjafa er að veita nauðungarvistuðum einstaklingum upplýsingar um réttindi sín og stöðu.

-jhh

Meirihluti sveitarstjórnar hafnaði öllum 49 umsækjendum og réð skólastjórnann sem sveitarstjóra: Fóru ekki að ráðum ráðningarfyrirtækis

EYJAFJARDARSVEIT Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar ákvað eftir kosningar í maí að auglýsa stöðu sveitarstjóra lausa til umsóknar. Capacent ráðningar voru fengnar til þess að meta umsækjendur og fór svo að 49 sóttu um stöðuna. Sveitarstjórn ákvað hins vegar að hafna öllum umsækjendum um sveitarstjórastöðuna og réð Karl Frimannsson, fyrrverandi skólastjóra grunnskóla Eyjafjarðarsveitar, sem sveitarstjóra.

Minnihluti sveitarstjórnar sat hjá við afgreiðslu málsins og harm-

aði þau vinnubrögð sem meirihluti sveitarstjórnar viðhafði. Stóð minnihlutinn í þeirri trú að málið væri í faglegum höndum ráðningarfyrirtækis og vonaðist til að ráðningin myndi byggja á faglegu mati á þeim sem sóttu um starfið.

Jón Stefánsson oddviti var spurður hverju þetta sætti. „Okkur bauðst betri kostur, það voru vissulega innan um hæfir einstaklingar. Það sem ræður mestu var að við fengum þarna einstakling sem við þekkjum vel til og við treystum. Við hefðum

ekki ráðið hann nema að hafa verið viss um að hann hafi verið besti kosturinn.“

Þegar Jón var spurður hvernig nafn Karls hefði komið upp í ferlinu segir hann að meirihlutinn hafi verið að skoða málið og reynt að velta fyrir sér fólki sem hann treysti.

„Við vorum bara svona að hugsa þetta. Við vorum ekki alveg ákveðin og hans nafn kom upp í samtali meirihlutans þannig að við höfðum samband við hann og buðum honum starfið,“ segir Jón.

-sa



EYJAFJÖRDUR Sveitarstjórnin hafnaði öllum umsóknum og réð Karl Frimannsson, fyrrverandi skólastjóra.

Margir liðir á leiðinni langt fram úr áætlun

Ríkisendurskoðun bendir á fjölmarga útgjaldaliði í ríkisrekstrinum sem hafa vaxið fram úr fjárheimildum í fjárlögum. Þrátt fyrir það stefna stjórnvöld að hallalausum fjárlögum. Þingmaður VG er efins um að stjórnvöld nái að efna lofordið.

EFNAHAGSMÁL Enn er gert ráð fyrir að fjárlög fyrir árið 2014 verði hallalaus þrátt fyrir að ýmsir útgjaldaliðir stefni á að fara langt fram úr áætlunum. Þetta segir Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingmaður VG og nefndarmaður í fjárlaganefnd, er ekki jafn viss um að hallalaus fjárlög náist. „Það er ekki útséð með það að markmið ríkisstjórnarinnar gangi eftir. Margir liðir eru á leið fram úr áætlun. Það sem skiptir kannski hvað mestu í þessum málum er að ríkissjóður verður af tekjum á ýmsum sviðum og stjórnarflokkarnir verða að fara að svara því hvaðan þeir ætla að fá fjármagn til að mæta þessu tekjutapi,“ segir Bjarkey.

Þegar fjárlög fyrir árið 2014 voru kynnt, þann 1. október í fyrra, var gert ráð fyrir því að ríkissjóður myndi skila 500 milljóna króna afgangi á árinu 2014. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra fór þá yfir fjárlagafrumvarpið og sagði þá að meginsteifið í vinnu við fjárlögin væri að skila hallalausum rekstri ríkissjóðs, þeim fyrsta frá hrúni. Fréttablaðið sagði frá því í gær að rekstur Sjúkratrygginga ríkisins stefndi í að fara um 2,7 milljarða fram úr áætlunum í fjárlögum. Að mati Ríkisendurskoðunar hefur ekki verið gripið til nægilega markvissra aðgerða til að stemma stigu við kostnaði Sjúkratrygginga þannig að tryggt sé að hann verði í samræmi við heimildir fjárlaga í lok árs.

Í skýrslunni er einnig bent á

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir segir ríkissjóð verða af tekjum.



VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

fleiri útgjaldaliði sem stefna fram úr þeim áætlunum sem settar voru í fjárlagafrumvarpinu.

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis, sagði í vikunni að ekki

væri hvíkað frá því markmiði að skila ríkissjóði hallalausum þótt fjárlaganefnd sjái rauð blikkandi ljós á stöku stað.

Tómas Brynjólfsson, skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, telur útgjaldaaukningu ekki breyta því að stefnan sé enn sett á hallalaus fjárlög. „Ef við horfum á árið í heild þá sjáum við að tekjuhlíð ríkissjóðs er betri en ráð var fyrir gert í fjárlagafrum-



„Það er ekki útséð með það að markmið ríkisstjórnarinnar náist.“

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingmaður VG.

varpinu. Það er rétt að nokkrir útgjaldaliðir eru yfir áætlunum. Þessar auknu tekjur ríkissjóðs munu að öllum líkindum ná yfir þá útgjaldaaukningu. Því er enn þá stefnt að því að ríkissjóður verði rekinn með hagnaði á þessu ári, í fyrsta sinn síðan 2007,“ segir Tómas.

svinn@frettabladid.is

safaríkt og meyrnt lambakjöt

Hafðu það gott og grillaðu
100% íslenskt lambakjöt

Fæst í: **BONUS** HAGKAUP
Skemulagast að verja

KOLAPORTIÐ




OPIÐ ALLA HELGINA
– LÍKA Á MÁNUDAGINN



Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík Sími 562 5030 • www.kolaportid.is

SÓFA - DAGAR

**20%
AFSLÁTTUR**
AF ÖLLUM SÓFUM OG
HÆGINDASTÓLUM



KRONBORG
OF DENMARK

PLUS
HÆGINDI
& GÆÐI

2 FÜR 1

NÚ 2 KODDAR AÐEINS:

2.995

TRONFJELLET KODDI

Góður koddur með polyesterhóltrefja fyllingu. Áklæði úr 100% bómull.
1 stk. 2.995 nú 2 stk. 2.995
Vnr. 4339704



SPARID ALLT AÐ

**12.000
KRÓNUR**

FULLT VERÐ FRÁ: 19.950

12.950

PURE NATURE SÆNG

Gæðasæng með mjúku áklæði úr 100% bómull. Hentar vel fyrir þá sem hætta til að fá ofnæmi því áklæðið er þéttofið sem hindrar að rykmaurar og bakteríur safnist saman. Stærð: 135 x 200 sm. Fullt verð: 19.950 nú 12.950
Stærð: 135 x 220 sm. Fullt verð: 24.950 nú 12.950 Fylling: 60% andadúnn og 40% andafiður. Má þvo við 60°C. Þyngd: 600 gr.
Vnr. 4000350



ÖLL JERSEY OG
FROTTÉ TEYGJULÖK

**20%
AFSLÁTTUR**

STRIMLAGARDÍNUR

ALLAR
STRIMLAGARDÍNUR

**20%
AFSLÁTTUR**

NÚ VERÐ FRÁ:

2.795

**40%
AFSLÁTTUR**

VENICE FERÐATÖSKUR

Flottar ferðatöskur á frábæru verði!
Fást í 3 stærðum. Lítil 6.995 nú 3.995
Miðstærð 12.950 nú 7.770
Stór 15.950 nú 9.570
Vnr. 327-11-1001

NÚ VERÐ FRÁ:

3.995




BYLTINGAR- ANDI!



„Sagnagáfa Ejersbo er ótvíræð og persónusköpun með því betra sem gerist ... Sögurnar grípa þéttingsfast ...“

Anna Lilja Þórisdóttir / Morgunblaðið



Meistaraleg flétta með sárum undirtón, saga af styrk mannsandans andspænis kúgun.

www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu



SKRUPPU HEIM Í GÖTUNA Íbúar á Gasa fóru að huga að rústum heimila sinna þegar hlé varð stutta stund á sprengjuárásum í gær. NORDICPHOTOS/AFF

Standa í stríði inni í miðri íbúabyggð

Gríðarlegt mannfall óbreyttra borgara á Gasa vekur enn á ný alvarlegar spurningar um aðferðir ísraelska hersins, sem lætur ekki nálægð almennings stöðva sig. Andrew Exum, yfirmaður hjálparstarfs SP á Gasa, segir ástandið ekkert flókið.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is

GASA Tæplega tveimur klukkustundum eftir að vopnahlé, sem átti að standa í þrjá sólarhringa, hófst á Gasa í gærmorgun tóku bæði Ísraellar og Palestínúmenn til við að skjóta sprengjum. Ísraellar sökuðu Hamas-liða um að hafa rofið vopnahléið, en Hamas sakaði Ísraela um slíkt hið sama.

Stórtækar sprengjuárásir Ísraels hers kostuðu tugi Palestínúmanna á Gasa lífið, en Palestínúmenn urðu tveimur ísraelskum hermönnum að bana og virðast hafa náð að handsama einn yfirmann í ísraelska hernum.

Alls hafa árásir Ísraela kostað meira en 1.500 Palestínúmenn lífið frá því þær hófust þann 8. júlí síðastliðinn. Að sögn Palestínúmanna eru langflestir þeirra almennir borgarar og margir á barnsaldri. Á móti höfðu 66 Ísraellar látið lífið.

Hið mikla mannfall á meðal almennra borgara á Gasasvæðinu hefur vakið spurningar um það hvort Ísraellar skeyti engu um mannlíf eða hvort ísraelski herinn hafi ekki burði til þess að vanda sig, annaðhvort þá vegna þess að þjálfun hermanna sé ábótavant eða að vinnureglur hersins fyrir hernað á þéttbýlum íbúasvæðum séu ekki nógu skýrar.

Breska dagblaðið The Guardian

hefur eftir Andrew Exum, fyrrverandi yfirmanni í bandaríska hernum, að ísraelski herinn hafi löngum verið þekktur fyrir að gera mistök sem kosti fjölda almennra borgara lífið.

Nú síðast létu fimmtán manns lífið þegar gerð var árás á skóla Sameinuðu þjóðanna aðfaranótt fimmtudags og sautján manns létust á fjölförnu markaðstorgi, sem sprengt var upp síðar sama dag.

„Ég veit ekki alveg hvað málið er,“ segir Exum á fréttavef The Guardian. „Ég veit ekki hvort málið er léleg þjálfun, vöntun á því að miðunarsérfræðingar hersins ræði við þá sem stjórna þungavopnum og loftárásum, eða yfirmenn sem einfaldlega telja ekki að það sé neitt forgangsatriði að forðast mannfall meðal almennra borgara.“

Mannréttindasamtök hafa lagt ríka áherslu á að öllum hernaði inni á íbúasvæðum, eins og nú stendur yfir á Gasasvæðinu, fylgi alþjóðlegar skuldbindingar um að gæta vel að öryggi almennra borgara.

„Skyldan til að vernda er greinilega til staðar þegar ráðist er í hernað. Þótt annar aðilinn bregðist þá er það engin afsökun fyrir gerðum hins aðilans,“ sagði John Ging, yfirmaður flóttamannastarfs Sameinuðu þjóðanna á Gasa, í viðtali í kanadíska ríkissjónvarpinu.

Hann sagði jafnframt að þótt ástandið á Gasa væri vissulega margbrotið og flókið, þá væri það



ÓSPRUNGIN SPRENGJA Íbúar á Gasa fara ferða sinna fram hjá sprengju frá Ísraelsher sem liggur ósprungin á götunni. NORDICPHOTOS/AFF

86 neyðarskýli á vegum SP eru á Gasa

225 þúsund manns hafa leitað þar skjóls

ekkert flókið í augum saklausra borgara sem lenda í miðjum hernaði og vita ekki hvert þeir eiga að leita eða hvar öruggt skjól geti leynst.

„Þetta er harmleikurinn við átök á þéttbýlasta svæði heims. Ég meina, þetta er í raun og veru borg,“ segir Ging. „Þetta er ruglingslegt fyrir almennings sem svo sannarlega vill koma sér burt af átakasvæðum en lendar svo ítrekað í því að flækjast inn í átökin á stöðum sem það heldur að eigi að vera öruggir.“

Ísraellar fá reglulega upplýsingar um staðsetningar skóla

SPRENGJUFLAUGUM SKOTIÐ ÚR ÍBÚAHVERFI

John Ging, yfirmaður flóttamannastarfs Sameinuðu þjóðanna á Gasa (UNRWA), segir engan vafa leika á því að liðsmenn Hamas og annarra vopnaðra hópa á Gasa hafi skotið sprengjuflugum sínum yfir til Ísraels frá íbúasvæðum, þar á meðal úr næsta nágrenni skóla sem Sameinuðu þjóðirnar hafa notað sem neyðarskýli fyrir flóttafólk.

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR TILKYNNNA STAÐSETNINGU SÍNA

Hins vegar hafi Sameinuðu þjóðirnar gætt þess vandlega að tilkynna ísraelskum stjórnvöldum reglulega um nákvæma staðsetningu allra þeirra skóla á Gasa sem eru undir stjórn Sameinuðu þjóðanna, þar á meðal skólans í Jabalíja-flóttamannabúðunum sem

sprengjum var varpað á aðfaranótt fimmtudags. Á annan tug manna létu þar lífið í svefni, þar á meðal fjögur börn sem sváfu við hlið foreldra sinna.

SPRENGJUBROT ÚR ÍSRAELSKRI SPRENGJU


Þegar starfsmenn Sameinuðu þjóðanna skoðuðu vegsummerki árásarinnar fundust sprengjubrot, sem hann segir augljóslega hafa verið úr sams konar sprengjum og þeim sem Ísraelsher hefur notað. „Þegar átökin í næsta nágrenni þessa skóla höfðu minntum við ísraelska viðmælendur okkar aftur á að skólinn væri notaður sem skýli fyrir flóttamenn, hverjir væru í skýlinu og einnig staðsetningu, GPS-staðsetningu skólans,“ sagði Ging í viðtali við kanadíska ríkissjónvarpið CBC á fimmtudag.

Ísraellar hafa ítrekað réttlætt árásir sínar á sjúkrahús, skóla og íbúðarhús með því að vopnaðir Palestínúmenn hafi hreiðrað þar um sig og skotið þaðan á Ísraela.

Ging fullyrðir hins vegar að í hvert skipti sem Sameinuðu þjóðirnar taki skólabyggingu eða annað húsnæði í notkun á Gasasvæðinu sé Ísraelum skýrt frá því og jafnframt gengið úr skugga um að þar séu hvorki vopn né vígamenn.

YFIRFARA BYGGINGARNAR

Fréttum um að vopn hafi fundist í skólum sem Sameinuðu þjóðirnar hafa notað til að hýsa flóttamenn, svarar hann á þá leið að það hafi gerst í þremur skólum sem stóðu auðir eftir að starfsmenn Sameinuðu þjóðanna höfðu neyðst til að yfirgefa og rýma byggingarnar vegna hernaðar í nágrenninu.



4G
LTE

1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 12 mán.
fylgir.

iPhone 5s 16GB

109.990 kr. stgr.
6.690 kr. /18 mán.



1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 3 mán.
fylgir.

iPhone 4s

59.990 kr. stgr.
3.690 kr. /18 mán.

INNEIGN Á SUMARIÐ HJÁ NOVA!

Ókeypis
heimsending
um allt land!
Á vefverslun
nova.is

0 kr.
Nova
í Nova

1.000 mínútur
500 SMS/MMS




4G
LTE

1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 12 mán.
fylgir.

Samsung Galaxy S5


109.990 kr. stgr.
6.690 kr. /18 mán.



500 kr.
notkun eða
250 MB á mán.
í 6 mán.
fylgir.

Samsung Galaxy S4 Mini

54.990 kr. stgr.
4.990 kr. /12 mán.



4G
LTE

1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 6 mán.
fylgir.

LG G3

109.990 kr. stgr.
6.690 kr. /18 mán.



4G
LTE

1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 6 mán.
fylgir.

iPhone 5c 16GB

89.990 kr. stgr.
5.490 kr. /18 mán.

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringslunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort + 325 kr./mán. greiðslugjald. Nánari upplýsingar á nova.is.

Hver væru viðbrögðin ef staðan væri öfug og Palestínnumenn búnir að múra Ísraela inn í gettó?

1.460 Ísraelar og 63 Palestínnumenn

Í myndum okkur ef búið væri að drepa eitt þúsund fjögur hundruð og sextíu Ísraelsmenn – mest börn og saklausa borgara – og sextíu og þrjú Palestínnumenn – mest vopnaða Hamas-liða. Já, dokum við og hugsom aðeins um hver afstaða heimsins til þessara átaka fyrir botni Miðjarðarhafs væri þá. Verðlaunablaðamaðurinn Robert Fisk orðaði þessa spurningu í bresku stórblaði í vikunni. Hann hafði svör á reidum höndum og taldi sig vita að við slíka morðöldu af hendi Palestínnumanna væri ekki unað.

Og hvað ætli utanríkisráðgjafi Alþingis myndi segja?

Eða Bandaríkjaforseti? Í fyrradag mótmæltu á þriðja þúsund manns fyrir framan bandaríska sendiráðið á Íslandi. Sveinn Rúnar Hauks-son, einn forsprakka mótmæl-anna og formaður Íslands-Palestínu, sagði í samtali við

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



Fréttablaðið í gær að ábyrgð Bandaríkjanna væri mikil og því hefði verið mótmælt fyrir utan sendiráð þeirra:

„Enn þann dag í dag byrja ræður leiðtoga Bandaríkjanna á því að endurtaka skilyrðislausan stuðning við Ísrael og áréttta rétt ríkisins til að verja sig,“ sagði Sveinn í blaðinu í gær og bætti því við að „aldrei minnst nokkur maður á rétt Palestínu til að verja sig“.

Ætli allar ræður leiðtoga í Bandaríkjunum myndu hefjast á skilyrðislausum stuðningi við rétt Palestínnumanna til að verja sig ef búið væri að drepa nærri fimmtán hundruð manns í Ísrael? Nei, ætli það.

Í tilkynningu vegna mótmælanna á fimmtudag kom fram að á árunum 2009 til 2013 fluttu bandarísk stjórnvöld vopn að verðmæti sjö hundruð og þrjú milljónir átta hundruð og fimmtíu og þrjú þúsund átta hundruð tuttugu og sex Bandaríkjadala til Ísraels. Þið getið rétt ímyndað ykkur hvað það væri erfitt að lesa úr þessari upphæð ef hún væri í íslenskum krónum. Sameinuðu þjóðirnar halda utan um hvaða vopn þetta eru. Jú, fimm hundruð níutíu og sex brynvarin farartæki, hundrað fjörutíu og eitt flugskeytakerfi, hundrað níutíu og tvær herflugvélar, hundrað tuttugu og átta herþylur og þrjú þúsund átta hundruð og fimm flugskeyti og eldflugavörpur.

Jæja. Eigum við að ímynda okkur eitt í viðbót? Það að Palestínnumenn væru búnir að sprengja upp skóla Sameinuðu þjóðanna í Ísrael og kannski sjúkrahús Sameinuðu þjóðanna líka. Í gær birtum við einmitt viðtal á Vísi við starfsmann Sameinuðu þjóðanna sem brotnaði niður og hágrét í beinni útsendingu. Hver ætli viðbrögð heimsins væru ef það viðtal hefði snúist um blóðbad í Ísrael af völdum sturlaðra Palestínnumanna sem væru búnir að múra almenning í Ísrael inn í rafmagnslaust gettó og hikuðu ekki við að drepa börn og óbreytta borgara?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson
ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

SPOTTIÐ



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Aftur á byrjunarreit

Við mat á áfangaskýrslu stjórnarskrárnefndar frá því í júní þarf að hafa í huga það sem á undan er gengið: Auðlindanefnd skilaði sátt um það efni árið 2000 og stjórnarskrárnefnd sem starfaði 2005 til 2007 birti skýrslu um einstök álitaefni. Á síðasta kjörtímabili komu síðan fram tillögur frá þjóðfundi, sérstakri ráðgefandi stjórnlaganefnd og stjórnlagaráði. Þá létu kjósendur álit sitt í ljós með vissunni á hálfan annan áratug hefur því ekki verið skortur á hugmyndum um breytingar, tillögum til breytinga, samanburði við stjórnar-



skrár erlendra ríkja, þróun þeirra á síðustu árum og nokkuð almennri umræðu bæði fræðilegri og pólitískri. Í því ljósi kemur svolítið spáskt fyrir sjónir að nýja nefndin hefur kosið að líta á hlutverk sitt eins og nú sé rétt að setja starfið enn einu sinni á byrjunarreit.

Vinstri stjórninni mistókst að ljúka stjórnarskrármálinu. Í upphafi hafði hún þó sett það á dagskrá sem eitt af höfuðviðfangs-

efnum sínum. Ástæðan var ekki skortur á tillögum og gagnrýni. Þvert á móti. Ástæðan var heldur ekki naumur þingmeirihluti. Þvert á móti. Skýringin var fyrst og fremst skortur á pólitískri forystu.

Þegar til kastanna kom vissi forysta vinstri stjórnarinnar ekki hvað hún vildi í raun og veru og gat því ekki leitt þingmeirihlutann að ákveðinni niðurstöðu. Enn síður hafði hún burði til að brúa bilið yfir til stjórnarandstöðunnar. Málið endaði í útideyfu vegna forystuleysis. Skoðanir stjórnarþingmanna voru ólíkar og áhugi þeirra misjafn. Án forystu gat því aldrei orðið neitt úr neinu.

Kominn tími á pólitíska forystu

Að þessu virtu hefði því mátt ætla að ný ríkisstjórn sýndi hina hliðina; vissi hvað hún vildi og leitaði hófanna um samstöðu og áfangaskiptingu brýnstu breytinga. Tími pólitískrar forystu var kominn. Þess í stað byrjar ný stjórnarskrárnefnd á áfangaskýrslu sem inniheldur tilvísanir í allt það sem fram hefur komið síðustu fimmtán ár og beinir þeim óskum til þjóðarinnar að taka málið aftur til almennrar opinberrar umræðu án leiðsagnar eða tillögugerðar.

Að þessu leyti er málið að mestu í sams konar farvegi og áður. Að

vísu er það framför að nýja nefndin hefur tekið fjögur viðfangsefni til skoðunar á undan öðrum. Segja má að þar sé að finna vísi að forgangsroðun. Vinstri stjórnin var of sundruð í málinu til að ná því á það stig. Þótt nefndin hafi sett áfangaskýrsluna fram með þessum hætti er þó lítið hægt að ráða í það hvort hún á pólitískt bakland til þess á Alþingi og í ríkisstjórn.

Eftir stendur að hvergi bólar enn á pólitískri leiðsögn eða forystu nema um eitt mikilvægt atriði. Í áfangaskýrslunni kemur sem sagt skýrt fram að stjórnarflokkarnir vilja ekki og ætla ekki

að ræða breytingar sem opna möguleika á aðild Íslands að Evrópusambandinu. Fulltrúar þeirra hafna í sérstökum skýringum með öllu að ræða það efni. Með öðrum orðum: Þeir byrja starfið á að útiloka breytingu af því tagi.

Það er að sönnu skýr afstaða. En hún er ekki mikið framlag til að koma málinu í annan farveg en vinstri stjórnin skildi við það í. Segja má að stöðubreytingin frá fyrra kjörtímabili felst helst í því að vinstri stjórnin hafði ekki hugmynd um hvað hún vildi en nýja stjórnin veit þó hvað hún vill alls ekki.

Merglaus stjórnarandstaða

Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa hugfast að heimild í stjórnarskrá til Evrópusambandsaðildar og skilyrði um það hvernig ákvarðanir þar um skuli teknar hafa ekkert með afstöðu til aðildar að gera. Málið snýst einvörðungu um það hvort möguleikinn á að vera opin og að fastsetja hvernig taka á slíka ákvörðun. En þröngsýnin er svo mikil að nauðsynlegt er talið að gyrða fyrir þennan möguleika í framtíðinni. Hvaða málstað þjórnar það?

Hitt vekur ekki síður furðu að viðbrögð stjórnarandstöðuflokkanna við þessari stöðu í stjórnarskrármálinu eru engin. Það er með fádæmum að þingmeirihluti skuli hefja nefndarstarf af þessu tagi með slíkri útilokun að því er tekur til eins stærsta viðfangsefnisins sem til skoðunar er. Og það er fullkomlega merglaus stjórnarandstaða sem lætur slíkt yfir sig ganga án þess að hreyfa legg eða lið.

Þetta mergleysi stjórnarandstöðunnar endurspeglar vel ráð-

leysi vinstri stjórnarinnar sem var. Engin málefnaleg rök eru fyrir því að halda þessu nefndarstarfi áfram ef ríkisstjórnin ætlar að halda fast við þessa fyrirmunun. Stjórnarandstöðuflokkarnir þurfa að skýra út hvers vegna þeir láta slíkt yfir sig ganga.

Athyglisvert er að skýrslan hefur legið frammi í meira en mánuð án þess að um þessa nýju taflostöðu hafi farið fram nokkur umræða. En þennan hnút þarf að leysa áður en fleiri áfangaskýrslur verða skrifaðar.

– KOMDU NÚNA –

TAXFREE DAGAR

20,32% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

SÓFAR | SÓFASETT | HÆGINDASTÓLAR | SÓFABORÐ | BORÐSTOFUBORÐ | BORÐSTOFUSTÓLAR |
SVEFNSÓFAR | BORÐSTOFUSKÁPAR | BAKBORÐ | HORNBORÐ | ALLSKONAR-SMÁVARA | O.FL. | O.FL.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

VIDIVI GLASASETT
6 STK.



AROS STÓLAR
MARGIR LITIR



OREGON
TUNGUSÓFI



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

HELGIN

Tónlistar- veisla í Naustinni

Dagskráin í miðbænum er ekki af verri endanum fyrir þá sem hafa ekki tök eða áhuga á að fara út fyrir höfuðborgina yfir helgina. Innipúkinn er haldinn í þrettánda skiptið í ár og er á honum hátíðarbragur.



DANSAÐ Á GÖTUM ÚTI
Skipuleggjendurnir Þær Berglind Sunna Stefánsdóttir og Megan Horan vildu hafa meiri heildarhátíðarstemningu yfir Innipúkanum í ár og fengu því að loka götunni við Naustina. Þar verður dansað á laugardeginum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR



Landsvirkjun

Það er allt í lagi að það blási svolítið

Í Búrfellsstöð við Þjórsá er gagnvirk orkusýning og skammt norður af stöðinni eru fyrstu vindmyllur Landsvirkjunar. Þeim er ætlað að veita vísbendingar um framtíðarmöguleika í beislun íslenska roksins. Við vonum auðvitað að sumarið verði gott en okkur finnst líka allt í lagi þó það blási hressilega í 50 metra hæð yfir hraunsléttunni fyrir norðan Búrfell.

Velkomin í heimsókn í sumar!

Gagnvirk orkusýning í **Búrfellsstöð** er opin alla daga kl. 10–17.

Einnig tekur starfsfólk á móti gestum við **vindmyllurnar norðan Búrfells** alla laugardaga í júlí kl. 13–17.

Jarðvarmasýning í gestastofu **Kröflu** er skemmtilegur áfangastaður fyrir norðan. Þar er opið alla daga kl. 10–17.

Við **Kárahnjúkastíflu** tekur leiðsögumaður á móti gestum alla miðvikudaga og laugardaga kl. 14–17.

www.landsvirkjun.is/heimsoknir

3 m/s – raforkuframleiðsla hefst

15 m/s Kjöraðstæður til raforkuvinnslu 28 m/s

34 m/s – raforkuframleiðsla stöðvast



Nanna Elísa Jakobsdóttir
nanna@frettabladid.is

Pað er alltaf hægt að fara út á land, allar helgar sumarsins, en þetta er helgin sem maður vill halda sig í bænum," segir Berglind Sunna Stefánsdóttir, annar skipuleggjandi Innipúkans sem verður haldinn í miðbæ Reykjavíkur um helgina.

„Við erum að skipuleggja þriggja daga tónleikaveislu í Naustinni á skemmtistöðunum Húrra og á Gauknum.“

Berglind Sunna segir að mikið hafi verið lagt upp úr því að hafa mikla breidd í vali á tónlist og því ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. „Það eru ríflega þrjátíu hljómsveitir að spila, bæði minni og stærri bönd.“

Dagskráin spannar þrjá daga á stöðunum tveimur. „Á Húrra verður almenn dagskrá ef við getum kallað það svo," útskýrir Berglind. Á Gauknum verða þemakvöld, þannig geta þungarokkarar þanið raddböndin á föstudeginum, aðdáendur electro stigið dans á laugardeginum og hiphoppssenar tekur öll völd á sunnudeginum.

Meiri heildarhátíðarstemning verður yfir Innipúknum í ár en hefur verið þar sem skipuleggjendur fengu leyfi til þess að loka af götunni hjá Naustinni. Þar stendur til að koma upp setuastöðu. „Þar verður húllumhæ á laugardeginum þegar við höldum lunch beat," segir Berglind. Plötusnúðurinn Ívar Pétur úr FM Belfast stýrir þeirri uppákomu en hann er þekktur fyrir að spila einstaklega skemmtilega danstónlist.

Á sunnudeginum verður PubQuiz undir stjórn þeirra Loga Höskuldssonar úr Sudden Weather Change og Teits Magnússonar úr Ojba Rasta.

Berglind segir ekki uppselt á hátíðina enn. „En ég er hrædd um að miðarnir fari hratt núna.“

Tónlist Megasar haft áhrif á Grísalappalísu

Hefð hefur verið fyrir því á hátíðinni að leiða saman þekktan og farsælan tónlistarmann af gamla skólanum og hljómsveit sem hefur nýlega náð vinsældum. Í ár verður engin breyting á því og mun hápunktur hátíðarinnar vera á sunnudagskvöldinu þegar Megas og Grísalappalísa stíga saman á svið.

„Tónlistin hans hafði sérstaklega mikil áhrif á mig og Baldur sem semjum textana," sagði Gunnar Ragnarsson, söngvari Grísalappalísu, en hljómsveitin er að hans sögn spennt fyrir tónleikunum.

Áherslan verður lögð á tónlist Megasar en þó verða tekin tvö lög eftir Grísalappalísu.



STEMNING

Sveitin Grísalappalísa er þekkt fyrir mikið stuð á tónleikum sínum og má gera ráð fyrir að þakið rífní af húsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/SNÆRÓS

DAGSKRÁIN Á HÚRRA

Föstudagur

21.00 Snorri Helgason
21.45 Dj flugvél og geimskip
22.30 Justman
23.15 Borko + Futuregrapher
00.00 Orphic Oxtra
00.45 Ojba Rasta

Laugardagur

21.00 Loji
21.45 Kvöl
22.30 Low Roar
23.15 Benni Hemm Hemm
00.00 Mr. Silla
00.45 Amaba Dama

Sunnudagur

21.00 Fufanu
21.45 Mosi Musik
22.30 Markus & The Diversion Session
23:15 Ólöf Arnalds
00.00 Boogie Trouble
00.45 Megas + Grísalappalísa

DAGSKRÁIN Á GAUKNUM

Föstudagur

21.15 Börn
22.05 Pink Street Boys
22.55 Kælan Mikla
23.45 Logn
00.35 Muck

Laugardagur

21.15 Good Moon Deer
22.05 Quadruplos
22.55 Futuregrapher
23.45 Tanya & Marlon
00.35 Sísý Ey
Dj Myth & Lazy Bones (dj set)

Sunnudagur

21.15 Shades of Reykjavík
22.05 Cryptochrome
22.55 7berg
23.45 Reykjavíkurdætur
00.35 Kött Grá Pje

INNIPÚKINN ER HALDINN Í 13. SKIPTI Í ÁR OG STENDUR YFIR Í ÞRjú KVÖLD

2

staðir verða vettvangur tónleikaveislunnar.

34

tónlistarmenn hafa boðað komu sína – allir íslenskir.

600

manns komast inn á hvorn staðinn.

3.000

krónur kostar aðgangur á stakt kvöld.

6.500

krónur kostar armband á hátíðina.



LOKADAGAR



* 25 - 50% afsl. af öllum húsgögnum og gjafavöru
Útsölulok eru laugardaginn 9. ágúst.

Ath. lokað verður alla verslunarmannahelgina, einnig í dag laugardag.

VIÐ ERUM Á FACEBOOK 

ÚTSÖLUNNAR!



HEIMA HÚSIÐ

Óttinn var erfiðastur af öllu

Ibrahem Faraj flúði frá Líbú þegar hann lenti á svörtum lista einræðisherrans Muammars Gaddafi. Hann sótti um hæli á Íslandi og beið í tíu ár eftir langþráðum ríkisborgararétti. Á Íslandi fann hann í fyrsta skipti fyrir öryggi og frelsi í lífi sínu.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@365.is



Víð Ibrahem Faraj hittumst á kaffihúsi úti á Granda. Hann afþakkar kaffi enda er ramadan og hann er múslími. Þá borðar hann hvorki né drekkur á milli sólarupprásar og sólarlags.

Það skín smitandi gleði úr augum Ibrahems og hann segir mér að hafa ekkert samvisku-bit yfir kaffibollanum sem ég fæ mér, og hvort ég vilji ekki bara fá mér kökusneið með honum. Ég hafði undirbúið mig undir erfitt viðtal þar sem Ibrahem er búinn að reyna margt sem ég, og flestir aðrir, get aldrei skilið. En hann er afslappaður, ljúfur og einlægur. Hann segist ekkert hafa að fela lengur, í fyrsta skipti á ævi sinni. Hann hafi upplifað óöryggi frá því hann var lítill drengur, þvinganir og kúgun öll sín uppvaxtarár undir stjórn einræðisherrans Gaddafi í Líbú og óttast um líf sitt í felum á Íslandi frá árinu 2002. Því sé nú lokið.

Á dauðalista Gaddafi

Þegar Ibrahem var 28 ára komst hann að því að hann væri á lista yfir andófsmenn í Líbú. Það þýddi aðeins eitt; að hann þyrfti að flýja. Enda var vitað að þeir sem lentu á þessum lista hyrfu eins og jörðin hefði gleypt þá. Ibrahem lenti á þessum svarta lista stjórnarinnar fyrir að ástunda gagnrýna hugsun og hvetja aðra til þess sama. Hann neitaði að gangast undir áróður einræðisherrans, Muammars Gaddafi, sem hafði stjórnað landinu frá því að hann fæddist og þannig varð hann andófsmaður. Ibrahem fór því á flakk um Evrópu í leit að öruggu skjóli.

„Maður hafði heyrt af Líbú-mönnum í Bretlandi, Þýskalandi og öðrum löndum sem voru skotnir úti á götu. Þá hafði stjórn Gaddafi frétt af þeim og ráðið mafíu til að myrða þá eða látið sækja þá og drepið þá í Líbú. Ég velti fyrir mér að sækja um hæli í Svíþjóð en komst að því að arabasamfélagið þar er mjög stórt og þorði því ekki að setjast þar að af ótta við njósnara Gaddafi.“

Var alltaf hræddur

Ibrahem fann út að afar fáir arabar byggju á Íslandi og ákvað því að sækja um hæli hér. Hann kom til landsins með engin skilríki eða skjöl um sig. Hann þorði ekki einu sinni að segja hvað hann raunverulega héti af ótta við að hann myndi finnast, og því gekk hann undir nafninu Muhamed Ali. Við tók mikil barátta við að fá hæli. Fyrstu sjö árin fékk hann dvalarleyfi sitt endurnýjað til aðeins sex mánaða í senn. Hann gat því ekki sótt nám eða vinnu og stundum var hann næstum búinn að gleyma að hann væri manneskja, að hann væri Ibrahem.

„Auðvitað var erfitt að hafa ekkert að gera og sjá enga framtíð. En óttinn var erfiðastur. Ég var alltaf hræddur um að ég yrði sendur úr landi eða að menn Gaddafi myndu finna mig. Ég átti þar af leiðandi mjög erfitt með að treysta og þurfti að berjast við að treysta sjálfum mér og muna hver ég í raun og veru væri. Þegar ég kynntist konunni minni árið 2009 var ekki auðvelt að opna hjartað á ný. Ég þorði ekki að segja henni of mikið og hún fékk ekki einu sinni að vita mitt raunverulega nafn.“

Hjartað opnaðist á ný

Ibrahem og kona hans, Lina Falah, eiga margt sameiginlegt enda er



VILL MIÐLA AF REYNSLU SINNI Ibrahem Faraj langar að fræða almenning í Líbú um mannréttindi og raunverulegt lýðræði. Einnig vill hann miðla af reynslu sinni sem hælisleitandi og er nú bók um líf Ibrahem í vinnslu sem Anna Lára Steindal skrifar. Pau safna fyrir útgáfukostnaði á Karolinafund.is.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Með konu sinni og barni á Akranesi



Ibrahem og Lina eignuðust dótturina **Yasmin** Ibrahem A.M Faraj fyrir fjórum árum. Ibrahem lítur á Yasmin sem Íslendingu enda er hún fædd hér á landi. Hann er óendanlega þakklátur fyrir hversu mikla möguleika hún hefur í framtíðinni og finnst yndislegt að horfa á hana vaxa úr grasi í heilbrigðu samfélagi. Hann mun fara með dótturina til Líbú í haust þar sem hún mun hitta ömmu sína og frændfólk í fyrsta skipti.

„Ég átti mjög erfitt með að treysta og þurfti að berjast við að treysta sjálfum mér og muna hver ég í raun og veru væri. Þegar ég kynntist konunni minni árið 2009 var ekki auðvelt að opna hjartað á ný. Ég þorði ekki að segja henni of mikið og hún fékk ekki einu sinni að vita mitt raunverulega nafn.“

LÍBÍA



1969–2011
Einræðisherrann **Muammar Gaddafi** réð ríkjum í Líbú í 42 ár. Honum var steipt af stóli í borgarastyrjöld árið 2011 sem stóð yfir í hálf tveggja mánuða þar til uppreisnarsveitir yfirtóku síðustu borgina sem laut stjórn Gaddafi.

2012
Fyrstu frjálsu kosningarnar í landinu í meira en sextíu ár voru svo haldnar árið 2012.

Mikil applaus hefur þó ríkt í Líbú eftir byltinguna og standa stjórnvöld höllum fæti. Aldrei hefur tekist að stilla almennilega til friðar í landinu og vígahópar sem stofnaðir voru í styrjöldinni berjast sín á milli og á móti stjórnvöldum.

hún palestínskur flóttamaður sem bjó í Írak og þurfti að flýja stríðshörmungar þar. Hún kom til Íslands með hópi kvenna sem settust að á Akranesi. Hjónakornin búa þar í dag, ásamt fjórum börnum, þrjú börnin átti Lina af fyrra hjónabandi. „Reynsla okkar færði okkur saman og vegna trúar okkar gátum við ekki búið saman fyrr en eftir hjónaband. Við ákváðum því að eyða lífinu saman og byggja það á vináttu og svo hefur ástin vaxið.“

Ibrahem eignaðist því fjölskyldu hér á Íslandi. Hann hugsaði þó stanslaust til fjölskyldunnar í Líbú. Fyrstu árin vissu þau ekki hvort hann væri lífs eða liðinn. Svo tókst honum að koma skilaboðum til þeirra í gegnum milliliði en þau fengu þó aldrei að vita hvar hann væri staddur í heiminum. Þegar borgarabyltingin hófst í Líbú árið 2011 varð Ibrahem órólegur og óttadist að hann myndi aldrei sjá fjölskyldu sína aftur á lífi.

„Ég fann að ég varð að komast heim. Ég fór á fullt í að útvega skjöl og vottorð um mig sem tók töluverðan tíma. En eftir að ég gat sannað hver ég var þá tók aðeins ár að fá ríkisborgararétt. Á þessum tíma fylltist ég von, bæði um framtíð mína og framtíð landsins míns. Daginn sem ég fékk lögheimili á Íslandi og líbískt vegabréf í hendurnar upplifði ég í fyrsta skipti öryggi og frelsi. Hjartað opnaðist aftur. Það var ótrúlegt. Yndislegt.“

Vaknaði til lífsins

Ibrahem fór og heimsótti fjölskyldu sína í kjölfarið. Hann lýsir fyrir mér hvernig tilfinningin var á flugvelli í Tyrklandi þegar hann var á leið í flugið til Líbú. Þar hitti hann fjöldann allan af Líbúmönnum eftir 12 ára útleög. „Það var eins og mig hefði verið að dreyma og ég væri loksins að vakna til lífsins. Mamma svaf ekki fyrstu sólarhringana, bara hélt utan um mig og klappaði. Hún hefði aldrei hleypt mér aftur úr

landi ef ég ætti ekki konu og barn hér á Íslandi.“

Ibrahem segir þó líf sitt vera nú á Íslandi því hér eigi hann heima. Hér eigi hann fjölskyldu, góða vini og hér hafi hann eytt helmingi full-orðinsára sinna. Hann vill samt halda góðu sambandi við Líbú og fólkið þar. „Mig langar að deila reynslu minni af íslensku stjórnkerfi og mannréttindum. Fræða þau um hvað lýðræði er í raun, reyna að útskýra hvernig frelsistilfinningin er og hversu mikilvægt það er að berjast fyrir henni.“

Auðvelt að kynnast Íslendingum

Ég velti fyrir mér hvort Ibrahem sé ekkert reiður út í Ísland og Íslendinga fyrir að hafa látið hann biða svo lengi.

„Auðvitað er margt ómanneskjulegt við biðina en ég skil þetta. Ég gat ekki sannað mál mitt, með engin skilríki. Það hefur margt gott gerst í þessum málaflökki síðustu árin með lagabreytingum. Einnig finnst mér Íslendingar vera opnari gagnvart útlendingum. Ég hef aldrei fundið fyrir illsku eða fordómum. Sumir eru vissulega með ranghugmyndir um múslíma en mér finnst að um leið og þeir kynnast mér þá breytist viðhorfið.“

Ibrahem er jákvæður og hann sér fyrir sér bjarta framtíð á Íslandi, þar sem múslímar og kristnir menn geti vel búið saman.

„Við erum öll manneskjur og þetta er bara trú. Mér finnst auðvelt að opna hjarta mitt fyrir Íslendingum og verða náinn þeim. Mér finnst það á ábyrgð innflytjenda að einangra sig ekki og verða frekar hluti af íslensku samfélagi. Þeir sem upplifa samfélagið lokað og að það sé svo erfitt að kynnast Íslendingum þurfa að líta í eigin barm. Þeir þurfa að breyta sjálfum sér, verða jákvæðari og vongóðir, en ekki bara gagnrýna samfélagið. Ef þú lokar sjálfum þér þá nærðu að sjálfsgöðu ekki sambandi við neinn.“

RISA SKÓ



Toppskórinn
er á 2 stöðum
Smáratorgi og
Grafarholti

ÚTSALA

Í TOPPSKÓNUM

Í FULLUM GANGI

50-90% afsláttur

Mikið úrval
af Dömu, herra
og barnaskóm

OPIÐ ALLA HELGINA

LAUGARDAG OG SUNNUDAG

Toppskórinn
Outlet Grafarholti



Toppskórinn
Markaður Smáratorgi

Vinlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-16**
Sunnudaga: 13-17

Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-18**
Sunnudaga: 12-18

Skriðjöklarnir skreyta svæðið


Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Suðausturlandið ber svipmikla náttúru sem einkennist af andstæðum. Þeir sem ferðast um strandlengju þess mæta til skiptis eyðisöndum og grösugum sveitum og hafa ískalda jökla og hlýlegar skógarbrekkur fyrir augum. Austan til eru vogar og firðir og svo tekur endalaus sandströnd við. Há og tindótt fjöllin hafa hinn völduga Vatnajökul sem bakhjarl.



DJÚPVOGUR Hjarta Djúpavogs slær við höfnina. Hótel Framtíðin, veitingastofan Við veginn og Langabúð með söfn sín og kaffihús eiga sinn þátt í því. Frá bryggjunni er siglt daglega á sumrin út í Papey. Þar er elsta og jafnframt minnsta timburkirkja Íslands, byggð árið 1807.

SUÐAUSTURLAND



FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Útivist og afþreying

Stutt er frá þjóðveginum á fjölmarga áhugaverða staði

2. Strandganga

Á Streitishvarfi er góð gönguleið meðfram ströndinni út frá afleggj-aranum að gamla vitanum. Hár klettur er nærri þjóðveginum. Þar ku búa risi sem kemur aðeins út á nýársnótt og ræðir þá við bræður sína sem búa í Papey og Skruði.

3. Granfegginn

Listaverkið Eggin í Gleðivík á Djúpavogi er unnið í granít af Sigurði Guðmundssyni myndlistar- manni. Um nákvæmar eftirlík- ingar eggja þrjátíu og fjögurra íslenskra varpugla er að ræða, nema hvað þessi eru stærri.

4. Til heiðurs lögsögumanni

Skammt vestan við Reyðará í Lóni, rétt við þjóðveg 1, er minnisvarði um Úlfjót sem tók saman fyrstu lög íslenska þjóðveldisins og bjó að Bæ í Lóni. Við minnisvarðann er líka hringsjá.

5. Ævintýradalur

Í Hoffelli í Hornafirði er boðið upp á fjórhjóliferðir með leiðsögn um ósnortinn dal með lyngi, litríkum fjöllum og giljum og Hoffellsjökul í bakgarðinum. Hægt er að skella sér í heita potta á eftir.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

6. Húsdýr og hljóðfæri

Í Hólmi á Mýrum í Hornafirði er dýragarður með hænsnfugla, endur og kanínur af ýmsum ættum, auk hreindýrs og algengra húsdýra. Á kvöldin gefst kostur á fjóruférfé með leiðsögn og labbi um flæðarmálið. Svo er veitinga- stofa í Hólmi og í henni safn hljóð- færa sem vel spilandi gestir geta gripið í.



MYND/BJARNI SIGURÐUR GRÉTARSSON

7. Kíkt heim til Kára

Á Fjallsárlóni í Öræfum er siglt með ferðamenn á sumrin innan um ísjaka. Bakland lönsins er mikil náttúrusmíð, krosssprunginn Fjallsjökull með Ærfjall og Breiðamerkurfjall hvort á sína hönd en framan við það síðarnefnda bjó Kári Sölmundarson eftir að hafa hefnt brennumanna. www.fjallsarlon.is.

8. Á jökulsporði

Frá Skaftafelli í Öræfum eru Íslenskir fjallaleiðsögumenn með reglulegar ferðir að Svínafellsjökli í sömu sveit. Þeir gefa fólki kost á tveggja klukkustunda göngu um jökulsporðinn, vopnuðu ísöxum, hjálmum, broddum og öðrum öryggisbúnaði sem fyrirtækið leggur til. Lágmarksaldur í ferð- irnar er átta ár.



Bunustrákur í barnalaug



9. Fjölskyldan Sundlaugin á Höfn er fjölskylduvæn og vinsæl af heimamönnum og gestum. Auk aðallaugarinnar er barna- laug með kynjadyrum og kátum bunustrák, gufubað og tveir heitir pottar, annar þeirra með nuddi. Þrjár mislangar renni- brautir bjóða upp á salíbunur og sólbaðssvæði er á bakkanum. Aðgengi fyrir fatlaða er gott, meðal annars er lyftustóll á laugarbakkanum.



Neytum og njótum

Danskt og íslenskt í öndvegi

10. Á danskan máta

Kaffi Nýhöfn er nýr veitingastaður í elsta íbúðarhúsi Hafnar, kaupmanns- húsinu á Hafnarbraut 2. Það hefur danskt „smörrebröd“ í öndvegi enda smurbrauðsjómfrú þar að störfum sem smurði ofan í Dani í sautján ár. Auk þess eru þar fínar kökur, kaffi og öl. **Opið er milli 10.30 og 18.30.** www.nyhofn.is.

11. Hjá Sobeggi afa

Í Þórbergssetri á Hala er alltaf kaffi á könnunni og heimabakað meðlæti, einnig kjötsúpa og smáréttir úr heima- ræktaðri bleikju. Á kvöldin er matseðill í gildi með hefðbundnum íslenskum réttum.

Hægt er að panta upplestur úr verkum Þórbergs undir borðum. **Opið er frá 7.30 til 22 út ágúst en frá 8 til 21 í september og október.** Á veturna er betra að hafa samband fyrir fram. www.thorbergur.is.



10

28

MILLJÓNIR



28 MILLJÓNIR Í ÚTILEGUNA?

Lottópotturinn stefnir í 28 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!



facebook

Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
facebook.com/lotto.is

HISSA Á FRÉTTAFLUTNINGI

„Að það skuli vera frétt að það skyldi ekkert gerast á hátíðinni er náttúrulega algjörlega út í bláinn.“



FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Vonast eftir gúrku um helgina

Stefán Magnússon, maðurinn á bak við eina vinsælustu og umtöluðustu tónlistarhátíð landsins, Eistnaflug, er ekki allur sem hann er séður því dags daglega starfar hann sem íþróttafraeðingur og aðstoðar fólk við að koma sér í form í Sporthúsinu Gull.

Gunnar Leó Pálsson

gunnarleo@frettabladid.is



Stefán, sem er 38 ára gamall Hvergerðingur, er mikill rokkari og hefur alla tíð haft mikinn áhuga á tónlist. Það má segja að þessi áhugi á tónlist sé ástæðan fyrir því að hann fór að halda utan um eina flottustu tónlistarhátíð landsins. Þó svo að hann sjái til þess að yfir tvö þúsund manns sækji Neskaupstað heim, eina helgi á ári, tengist hann kaupstaðnum mjög lítið.

„Ég starfaði sem íþróttakennari í fimmtán ár og bauðst starf sem íþróttakennari í Neskaupstað árið 2004, en ég hafði samt aldrei komið þangað fyrr en þá. Það var ótrúlega gaman að koma þangað og eftir að hafa búið þar í einhvern tíma fékk ég þessa hugmynd um að halda tónleika í Egilsbúð,“ segir Stefán spurður út í kynni sín af staðnum. Fyrsta Eistnaflugshátíðin varð að veruleika sumarið 2005, eftir að Stefán flutti í Neskaupstað.

Fimmtú manns á fyrstu hátíðinni

Þegar Stefán byrjaði að skipuleggja fyrstu hátíðina var ekki komið neitt sem kallast Facebook og samskipahættirnir öðruvísi en í dag. „Ég auglýsti eftir hljómsveitum á vefsíðunni Dordingull og þar fóru samskiptin fram. Ég setti inn auglýsingu um hvort einhverjar hljómsveitir hefðu áhuga á að koma og spila í Neskaupstað þessa helgi og fékk styrk frá Menningarráði Austurlands upp á 400.000 krónur og fór sá peningur í rútuna. Það var þannig að þeir sem höfðu áhuga áttu bara að mæta á BSÍ klukkan átta á föstudagsmorgni og taka rútuna, tónleikar á laugardegi og svo keyrt heim á sunnudeginum. Þetta var bara „fyrstir koma fyrstir fá.“

Fyrstu árin fór skipulagningin fram á þennan hátt en svo fór eftirspurnin að aukast og voru þá gerðar breytingar. Nú eru gerðir samningar við þær hljómsveitir sem koma fram og hefur umstangið í kringum hátíðina aukist mikið með árunum.

Um fimmtú manns borguðu sig inn á Eistnaflug árið 2005 en nú í ár voru gestir hátíðarinnar rúmlega tvö þúsund talsins, auk þess sem Stefán hefur þurft að hafa um 300 starfsmenn með hljómsveitum.

Fáránlegt að ofbeldisleysið sé frétt

Stefán hefur látið skoðanir sínar gagnvart kynferðisofbeldi í ljós í fjölmiðlum og meðal annars sagt að hann mundi ekki halda áfram með Eistnaflugshátíðina ef nauðgun yrði tilkynnt á hátíðinni.

„Ég á nákomna vini sem hafa verið beittir kynferðislegu ofbeldi og þetta snertir ótrúlega marga. Aðalmálið í þessu er að við erum að skemmta okkur og þetta á ekkert skylt við það. Þetta er bara svo ríkt í Íslendingum, þessi víkingaklíkkun að fara á sveitaball og berja alla frá næsta bæjarfélagi. Þetta er orðið svo þreytt. Að það skuli vera frétt að það skyldi ekkert gerast á hátíðinni er náttúrulega algjörlega út í bláinn. Ég vona bara að það verði algjör gúrka um verslunarmannahelgina og ekkert að frétt.“

Stefán vill að aðstandendur annarra útihátíða taki sjónarmið hans alvarlega og hvetur þá til þess að senda frá sér svipaðar yfirlýsingar.

„Við höfum alltaf hamrað á þessu og gestirnir hamra á þessu við vini sína. Það er stórt atriði að gestirnir kunna þetta. Þeir sem koma á Eistnaflug vita hvernig hlutirnir virka. Eistnaflug er bara árshátíð og fólk vill ekki missa þessa hátíð.“

En er hægt að gera eitthvað í því að gera hinar hátíðirnar samheldnari?

„Við getum ekki sætt okkur við þessar misþyrmingar bara af því að Íslendingar eru að detta í það. Það þarf að hamra á þessu. Það þarf bara einn til þess að skemma svona hátíðir. Það þarf allir að hjálpast að. Það er alveg hægt að útrýma þessu. Samheldnin sem við höfum staðið fyrir felst í að vera ábyrgð. Þegar hópurinn er gerður samþyrmingur þá skiptir máli hver útkoman er. Markmið hvernar hátíðar þarf að vera skýrt og það er styrkleiki okkar og við höfum gert það markmið mjög sýnilegt. Það eru vissulega margar flottar hátíðir í gangi á Íslandi sem eru að standa sig, allar hátíðirnar eru virkilega að reyna

standa sig að gera helgina glæsilega og að hún komi vel út.“

Dóms- og réttarkerfi landsins hefur löngum verið umtalað gagnvart kynferðisofbeldi og er Stefán hneykslaður yfir framgöngu mála í réttarkerfinu. „Við vitum hvernig þetta kerfi er á Íslandi. Þú þarft nánast að hafa nauðgunina á upptöku og stundum virkar það ekki einu sinni. Það er ekkert eðlilegt sem á fólk er lagt í þessum málum. Ég held það séu allir sammála um að sönnunarbyrðin er geggjúð. Auðvitað þarf hún að vera það en þetta getur ekki átt að virka svona. Miðað við tölurnar frá til dæmis bráðamóttökunni og svo kærumálin sem fara í gegn, þá bara passar þetta ekki. Við vitum það að þó að nauðgunin verði ekki sönnuð fyrir rétti, þá er ekki þar með sagt að ofbeldið hafi ekki átt sér stað.“

Kveið því að drekka

Að standa fyrir svona stórra hátíð, þar sem fjöldi fólks kemur saman tekur væntanlega sinn toll. Finnur aðstandandi eins og þú ekki fyrir mikilli ábyrgðarkennð? „Ég geri það, ég tek þetta allan tímann á mig og það er kannski málið við þetta. Maður hugsar; ef ég væri ekki að halda þetta þá hefði þetta ekki gerst.“

Stefán, sem er að upplagi pönktrommuleikari úr hljómsveitinni Dys, er eins og fyrr segir mikill tónlistaráhugamaður, hefur farið víða á tónleika og hefur gaman að því að skemmta sér. Hefur innsýn hans og reynsla ekki mikil áhrif á velgengnina? „Jú, ég hef farið út um allt á tónleikahátíðir og þess háttar. Það hefur eflaust mikil áhrif. Um daginn fór ég á HellFest í Frakkalandi sem er rísa tónlistarhátíð. Þarna eru allir beisiklír á reykja gras og við vorum kannski svona tuttugu sem vorum ekki að reykja gras. Sömu helgi voru fréttir um að þrjátíu hefðu verið teknir að fyrir reykja gras á Secret Solstice og maður veitir bara svona; „hvað er að fréttar!“ Það eru mörg þúsund manns að skemmta sér. Á Hell Fest gerðist ekkert, ég veit að grasreykingar eru ólöglegar en á meðan fólk er ekki labbandi um með kúbeinið í klikkun þá sé ég ekki mun á þessu og þeim sem eru fullir.“

Stefán setti tappann í flöskuna eftir

Eistnaflugshátíðina í ár til að auðvelda sér lífið. „Ég ákvað að hætta að drekka til þess að einfalda líf mitt. Ég var farinn að kvíða fyrir því að drekka, að verða þunnur og þetta var bara hætt að vera gaman. Ég á líka auðvelt með að skemmta mér vel án áfengis.“

Þrátt fyrir það að Stefán stangi fyrir einni stærstu samkomu ársins í Neskaupstað, sem er mikil innspýting fyrir í bæjarfélagið, er hann gáttaður yfir misjöfnun stuðningi frá fyrirtækjum bæjarins. „Ég kem með tvö þúsund manns í bæinn og bærinn er gjörsamlega þurrkaður upp af öllu og það eru nokkur fyrirtæki í Neskaupstað sem eru að styrkja mig. Ég er búinn að láta vita að ef þessu verður ekki kippt í liðinn þá fer ég með Eistnaflugið eitthvert annað, því ég efast ekki um að það sé til annað bæjarfélag sem er til í að fá þessa innspýtingu inn í kerfið. Það má ekkert út af bregða til að hátíðin fari í mínus, því þetta kostar sitt allt saman.“

Stefán er kvæntur Hrefnu Húgós-dóttur og þau hafa verið saman í átján ár eða frá því þau voru í framhaldsskóla. Saman eiga þau tvö börn, Ragnheiði Maríu 10 ára og Júlíus Óla 16 ára. „Hrefna er búin að stappa í mig stálinu þegar ég er að skíta á mig, hún á helling í því að halda Eistnafluginu gangandi.“

Hvað langar þig að gera meira, langar þig að standa í tónleikahaldi í Reykjavík eða jafnvel halda tónleikahátíð líkt og Eistnaflug í Reykjavík?

„Maður er alltaf að skoða eitthvað. Nasa hefði til dæmis verið fullkominn salur til að hýsa svona tónleika. Hvaða fáviti ákveður það að loka Nasa til þess að geyma bækur þarna inni? Nasa er flottasti tónleikasalur landsins, þetta er svo sorglegt. Það á að búa til hótél eða bílastæði eða eitthvað álíka gáfað úr flottasta tónleikasal landsins.“

Þessi atorkumikli maður lítur björtum augum til framtíðar og vonast til þess að Eistnaflugshátíðin haldi áfram í Neskaupstað en hann horfir einnig á mögulegt tónleikahald á höfuðborgarsvæðinu. Hver veit nema að Stefán rífi trommukjudaða á loft á nýjan leik og geri meira í tónlist en þangað til ætla hann að halda áfram að aðstoða fólk við að koma sér í form og svala rokkþyrstum rokkurum.

STEFÁN SEGIR

„Við vitum hvernig þetta kerfi er á Íslandi. Þú þarft nánast að hafa nauðgunina á upptöku og stundum virkar það ekki einu sinni. Það er ekkert eðlilegt sem á fólk er lagt í þessum málum.“

„Við getum ekki sætt okkur við þessar misþyrmingar bara af því Íslendingar eru að detta í það. Það þarf að hamra á þessu. Það þarf bara einn til þess að skemma svona hátíðir. Það þarf allir að hjálpast að.“

Trans - Atlantic **10** ár

ÁSTIN RÆÐUR FERÐINNI

ÍTALÍA - VERONA

Í BEINU FLUGI FRÁ KEFLAVÍK

31 október - 3 nóvember 2014

Upplifðu borg elskenda! Flestir sem þekkja til Rómeó og Júlíu vita að Veróna var borgin þar sem ástin þeirra kviknaði og lifir enn. Borgin er vinsæl fyrir sögulegar byggingar, falleg torg og brýr yfir Adige ána. Verona er þekkt fyrir einstaka matargerð, bragðmikla osta og vínmenningu. Einstök ferð sem gleður og gerir vel við bragðlauka sem og önnur skynfæri. Takmarkaður fjöldi sæta er í boði.

Upplifun sem að enginn má missa af.

Verð frá **114.900 kr**

- ✈️ Flug, allir skattar og gjöld
- 🚗 Allur akstur samkvæmt dagskrá
- 🏠 Gisting á hóteli með morgunmat
- 🔍 Úrval skoðunarferða í boði
- 🌐 Íslensk fararstjórn

Kynntu þér málið á transatlantic.is
og í síma **588-8900**

ICELANDAIR 



Trans - Atlantic

Konráð og félagar á ferð og flugi 107

Bragi Halldórsson

„Þetta er nú meira veggskriflið,“ sagði Kata, þar sem þau komu að hlaðinni steingirðingu. „Hér vantar nánast annan hvern stein,“ bætti hún við með fyrirlitningu. „En hann er nú bara að verða gamall,“ sagði Konráð. „Það gerir hann ekki endilega að vondum vegg, bara laslegum,“ bætti hann við. „Það vantar til dæmis ansi marga steina í þetta gat hérna fyrir framan okkur,“ sagði Kata og hélt áfram að úthúða veggnum. Konráð varð að viðurkenna að það vantaði jú ansi marga steina í þetta gat. „En við verðum að troða okkur í gegnum það ef við ætlum að komast eitthvað áfram,“ sagði Kata. „Spurning hvort það vanti það marga steina að við komumst í gegnum gatið,“ bætti hún við.

Hversu marga steina skyldi vanta?

Getur þú talið þá?

- A 20
B 25
D 30



Krakkaleikur

Leikur: Mjálmaðu nú kisa mín

Börnin setjast hvert á sinn stól og raða sér í hring og einn er fenginn til að „ver‘ann“. Trefill er bundinn fyrir augu hans og honum snúið í hring. „Blindinginn“ á að þreifa sig áfram þangað til hann finnur einhvern og setjast ofan á fórnarlambið. Þegar hann er sestur segir hann: „Mjálmaðu nú kisa mín“ og á þá fórnarlambið að mjálma og er það gjarnan gert ámatlega. Þá má sá sem „er‘ann“ giska á hver mjálmar. Giski hann rétt eru höfð hlutverkaskipti. Hægt er að setja reglur um að sá sem „er‘ann“ megi giska þrisvar sinnum, eða jafnvel eins oft og menn vilja.

TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is

Lestrarhestur vikunnar Embla Dís Ómarsdóttir sex ára

Hvað er skemmtilegast við bækur? „Mér finnst skemmtilegast að skoða þær.“

Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?

„Bækurnar um Einar Áskel eru í uppáhaldi hjá mér.“

Hvernig bækur þykja þér skemmtilegastar? „Mér finnst skemmtilegast að lesa prinsessubækur.“

Hvaða bók lastu síðast og hvernig var hún? „Ég man það bara ekki, ég les svo margar.“

Í hvaða skóla gengur þú?

„Í barnaskólann Öskju í Öskjuhlíð.“

Ferðu oft á bókasafnið?

„Já, mjög oft.“

Hver eru þín helstu áhugamál?

„Mér finnst gaman að fara í sund og í bíó og svo auðvitað að lesa og skoða bækur.“

Ertu búin að lesa Bétveir - Bétveir eftir Sigrúnu Eldjárni?

„Já, ég hef skoðað hana í skólunum mínum.“



Að venju efna Borgarbókasafn og Reykjavík Bókmenntaborg til sumarlesturs á meðal barna. Fyrir hverja lesna bók skrá lesendur nafn sitt og titil bókarinnar á þar til gerða miða og skila í kassa sem eru í öllum söfnum Borgarbókasafns. Vikulega er dregið eitt nafn úr kassanum og Lestrarhestur vikunnar útnefndur, sem hlýtur bók að launum frá Forlaginu.



ELVA MARÍA Var einu sinni í næturtökum frá átta um kvöldið til átta um morguninn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Veit ekki hvort ég treysti mér á myndina

Elva María Birgisdóttir leikur í kvikmynd sem heitir því drungalega nafni Grafir og bein og verður frumsýnd í október. Þótt hún sé bara ellefu ára hefur hún talsverða reynslu af leiklistinni en þetta er stærsta hlutverk hennar til þessa.

Elva María, geturðu lýst aðeins hlutverkinu þínu í Grafir og bein? „Ég leik stelpu sem heitir Perla en svo má ég ekki segja meira.“

Hvar fóru tókurnar fram? „Mest í Hvalfirði, kvikmyndaliðið leigði gamlan bóndabæ sem er í dag notaður sem gistiheimili.“

Voru tókurnar tímafreakar? „Já, mjög, ég þurfti að sleppa skóla mjög oft auk þess sem það voru einu sinni næturtök frá átta um kvöldið til átta um morguninn.“

Nú er titill myndarinnar frekar óhugnanlegur. Hvernig leið þér þegar þú varst beðin að leika í henni? „Ég var mjög

spennt af því að þetta er fyrsta myndin sem ég hef leikið í sem er í fullri lengd, svo fannst mér hlutverkið mitt hljóma mjög spennandi.“

Hlakkar þú til frumsýningarinnar? „Já, ég er verulega spennt að sjá útkomuna, ég veit samt ekki hvort ég treysti mér á myndina sjálfa, hún virkar mjög óhugnanleg ef marka má stíkluna.“

Hefurðu leikið áður og ef svo er, hver eru stærstu hlutverk-in? „Ég hef leikið í þremur stuttmyndum, þremur leikritum og er að æfa fyrir það fjórða sem er Lína Langsokkur. Það verður sýnt í Borgarleikhúsinu næsta vetur. Svo auðvitað Grafir og

bein og þar er ég í stærsta hlutverkinu mínu hingað til.“

Hvort finnst þér áhugaverðara að leika í myndum eða á sviði og af hverju? „Ég get ómögulega valið á milli, mér finnst hvort tveggja svo gaman.“

Ertu í fleiri listgreinum og þá hvaða? „Já, ég er að æfa á fiðlu.“

Var gaman að taka þátt í Ísland got talent? „Það var rosalegt ævintýri sem ég var ekkert smá heppin að hafa fengið að upplifa.“

„Hvað finnst þér skemmtilegast í heiminum að gera?“ „Að leika, syngja, vera úti og hoppa á trampólíninu mínu.“

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



DJASS Á JÓMFRÚNNI

Það verður flottur djass á Jómfrúnni í dag kl. 15 fyrir þá sem eru í borginni. Þar koma fram Kristjana Stefánsdóttir, Sigurður Flosason, Eyþór Gunnarsson, Valdimar K. Sigurjónsson og Einar Scheving. Meðal annars verða flutt lög af væntanlegri plötu.

NÝJASTA ÆÐIÐ!

Hefur þú prófað?

Gott ráð við:

Harðsperrum

Vöðvakrömpum

Stirðleika

Þreytu



www.gengurvei.is

Hamingjuberin

Ein næringarikasta fæða á jörðinni



Öll betri apótek, Heilsuhúsið, Heilsutorg, Sportlíf, Fjarðarkaup Heimkaup og Heilsuhorninu Blómaval



HAMINGJA Morten og Ingi Thor á hamingjustund ári eftir að örlögin leiddu þá saman.

MYNDIR ÚR EINKASAFNI

ÆDISLEGT Í BADIÐ og FÓTABADIÐ

BetterYou magnesíum flögur



Gott ráð við:

Harðsperrum

Þreytu

Stífleika

Svefnleysi

Vöðvabólgu

Fótapíringi

Vöðvakrömpum

Stirðleika

ÁST VIÐ FYRSTU SÝN

ÆVINTÝRI Ingi Thor Busk og Morten Thor Busk gengu í hjónaband í Stokk-hólmi 19. júlí í blíðskaparveðri. Þeir kynntust fyrir algjöra tilviljun í Sitges á Spáni fyrir einu ári. Eftir þrettán mínútna kynni var bónorðið borið upp.

Stórbrotin og litrík Gleðiganga fer um götur Stokk-hólmsborgar í dag en Hinsegin dagar hafa staðið þar yfir í nokkra daga. Hinir nýgiftu, Ingi Thor og Morten, hafa tekið virkan þátt í hátíðahöldunum og hittu meðal annarra heiðurs-

gestinn, Conchitu Wurst, sigurvegara Eurovision-keppinnar, í veislu á miðvikudagskvöld. Ingi Thor segir að það hafi verið ákaflega skemmtilegt að hitta Chonchitu og rabba við hana. Hinsegin dagar hefjast í Reykjavík eftir helgina en Ingi Thor hefur

oft tekið þátt í þeim. Hann verður hins vegar fjarri góðu gamni þegar Gleðigangan fer um borgina næsta laugardag.

ÖRLÖGIN TÓKU Í TAUMANA

Það er ekki langt síðan Ingi Thor flutti til Stokkholms en líf hans ▶



STÓRA skólablaðið

Meðal efnis verður:

- Skólar
- Nýjar námsleiðir
- Námskeið
- Námsætkni
- Bækur
- Skólatöskur, skrifböng og annað skóladót
- Fartölur og annar tækjabúnaður
- Skólaföt
- Og margt margt fleira

Stóra skólablaðið kemur út með Fréttablaðinu 12. ágúst.

Blaðið mun fjalla um allt sem viðkemur skóla á öllum skólastigum.

Áhugasamir um auglýsingar í blaðið vinsamlegast hafið samband við

Kolbeinn Kolbeinsson
Sími: 512 5447
Sími: 663 4555
koll@365.is

Bryndís Hauksdóttir
Sími: 512 5434
GSM: 695 4999
bryndish@365.is



GIFTING Anna Kristinsdóttir gefur herramennina Morten og Inga Thor Busk saman á bryggjunni í Drottningholm í Stokkhólmi. Ingi samdi lag til Mortens sem flutt var síðar í veislunni. MYNDR ÚR EINKASAFNI



SIGLT TIL GESTA Það voru tár á hvörmum gesta þegar þeir sigldu að bryggjunni undir ljúfri tónlist.



DROTTNINGHOLM Herragarðurinn þar sem brúðkaupið fór fram. Veislan byrjaði með kokteil á fimmtudagskvöldi en giftingin fór fram á laugardegnum.

► tók óvænta og örlogaríku stefnu síðastliðið sumar. Ingi Thor var viðburðastjóri hjá Reykjavíkurborg og skipulagði ýmsa viðburði fyrir borgina. Hann sinnir því áfram í hlutastarfi frá Svíþjóð. Hann sat í stjórn vetrarhátíðar, jólaborgarinnar og fleiri slíkra hátíða hjá borginni. Sömuleiðis sér hann um alþjóðlegt samstarf tengt slíkum viðburðum. Nýlega var honum boðið virðingarstarf hjá Gay & Lesbian International Sport Association. Ingi starfaði meðal annars við að fá Heimsleikana til Íslands 2017. Ísland tapaði reyndar þeim slag fyrir Miami á Flórída. „Ég hef alltaf verið tengdur íþróttum, menningarmálum og mannréttindum,“ segir Ingi Thor sem keppti í sundi á Ólympíuleikunum í Los Angeles 1984. „Mannréttindi skipta mig miklu máli og ég er með mörg verkefni í handraðanum sem tengjast þeim. Þótt við Íslendingar séum komnir nokkuð langt í baráttu samkynhneigðra er það hlutverk okkar að styðja aðrar þjóðir í þeirra réttindabaráttu. Við eigum að vera fyrirmynd í þessum málum. Þrátt fyrir að margt hafi áunnist á Íslandi er baráttan þó enn í gangi. Það er til dæmis mjög erfitt fyrir marga að koma út úr skápnunum í litlum bæjarfélögum úti á landi,“ segir Ingi Thor.

VILTU GIFTAST MÉR?

Þegar við snúum tali okkar að örlogadeginum í fyrrasumar segir hann að þá hafi margt gerst í lífi hans. „Ég fór í sumarfrí til Sitges á Spáni í maí í fyrra. Þegar ég var kominn þangað fékk ég upphringingu um að faðir minn hefði látist. Ég ákvað því að snúa heim aftur þótt fríið væri rétt að hefjast. Vinir mínir, Magnús Loftsson og Gunnar Ásgeirsson, komu síðar að máli við mig og sögðu að þeir væru að fara til Sitges í júlí „og þú átt að koma með okkur“. Þeir drógu mig sem sagt aftur til Sitges. Ég kom þangað seint um kvöld hinn 19. júlí 2013, tveimur dögum á eftir þeim. Ég ákvað að kíkja á barinn og fá mér einn drykk fyrir svefninn. Þar sem ég sit og virði fyrir mér umhverfið sé ég þennan mann koma. Þetta var ást við fyrstu sýn og ég hef aldrei upplifað aðrar eins tilfinningar,“ segir Ingi Thor og skellihlær þegar hann rifjar þetta upp.

„Ég spurði hvort ég mætti bjóða honum upp á drykk. Hann samþykkti það. Í framhaldinu sagði ég: „Þú færð ekki drykkinn nema þú lofir að giftast mér einn góðan veðurdag. Hann svaraði að það væri ekkert mál. Það tók mig þrettán mínútur að bjóða honum drykk og bera fram bónorð,“ segir Ingi Thor. „Morten fékk drykkinn og síðan höfum við verið óaðskiljanlegir. Næstu mánuðir voru dýrir hjá okkur með endalausum ferðalögum á milli Íslands og Svíþjóðar. Það liðu aldrei meira en tvær, þrjár vikur á milli heimsóknna.“

BRÚÐKAUP VARD AÐ JARÐARFÖR

Ingi Thor er léttur í skapi og segir skemmtilega frá þessum fyrstu kynnum þeirra Mortens. Hann er danskur en hefur búið í Stokkhólmi undanfarin ár þar sem hann er verslunarstjóri hjá hinu danska vöruhúsi Illum. Morten hafði aldrei komið til Íslands og vissi lítið um landið. „Núna er hann ofboðslega hrifinn af landi og þjóð. Ég á yndislega vini og fjölskyldu sem hafa tekið honum opnum örmum.“

Ingi segir að það hafi verið erfitt að þvælast stöðugt á milli landanna og loks tóku þeir þá ákvörðun að hann flytti út.

ÁST ÁST ÁST

Þar sem ég sit og virði fyrir mér umhverfið sé ég þennan mann koma. Þetta var ást við fyrstu sýn og ég hef aldrei upplifað aðrar eins tilfinningar.“

„Það var ekki erfið ákvörðun,“ segir hann. „Ég bjó í Bretlandi í 24 ár en flutti heim til Íslands árið 2011, er því vanur að búa í útlöndum. Ég lærði leiklist í Englandi og starfaði við hin ýmsu verkefni en síðustu árin var ég framkvæmdastjóri norrænnar listahátíðar í fimm ár og framkvæmdastjóri stærsta listaseturs í Liverpool í þrjú ár. Það rann upp fyrir mér að annaðhvort ætti ég að fara að huga að heimferð eða setjast alfaríð að í Bretlandi. Þegar staðan var auglýst hjá Reykjavíkurborg sótti ég um og fékk,“ segir Ingi Thor. „Þá varð ekki aftur snúið.“

Ingi Thor hafði verið í sambúð í Bretlandi og brúðkaup var fyrirhugað árið 1997. „Unnustinn minn veiktist alvarlega og dó viku fyrir brúðkaupið okkar. Giftingin breyttist í jarðarför. Svona er lífið, allt getur gerst,“ segir Ingi sem er að verða 52 ára. „Lífið getur líka tekið óvænta en afar ánægjulega stefnu. Ég fann ástina á ný og segi því að það sé von fyrir alla.“

VEISLA Á HERRAGARÐI

Þegar Ingi Thor er spurður út í brúðkaupið 19. júlí segir hann að þetta hafi verið ótrúlegur dagur. „Vinir okkar búa í Drottningholm í Stokkhólmi en þeir höfðu þrýst á að við létum verða af giftingu. Þeir buðu okkur að halda veislu á fallegum stað við vatnið. Á upphaflega gestalistanum voru sex hundruð manns en við tókum þá ákvörðun að hafa þetta smærri í sniðum og enduðum í matarveislu fyrir 90 manns. Brúðkaupshelgin stóð frá fimmtudegi en flestir gestir okkar komu þá. Fjölskylda og vinir frá Íslandi og Danmörku.“

Giftingin sjálf var kl. 16 á laugardegnum en þeir Morten komu siglandi á fallegum báti að bryggjunni við herragarðinn undir ljúfri tónlist. Vinir og fjölskyldan tóku á móti þeim. „Þetta var svo magnað að það voru engin þurr augu á svæðinu,“ segir Ingi en veðrið var yndislegt þennan dag, glampandi sól og hiti. Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar, gaf þá saman við hátíðlega athöfn. Veislan var haldin utanhúss. „Þetta var partí-brúðkaup og allir skemmtu sér konunglega til tvö um nóttina. Við erum enn í skjónum yfir hversu vel þetta heppnaðist,“ segir Ingi. Brúðkaupsferð til Sitges er síðan á dagskrá í september.

GLEÐIN VIÐ VÖLD

Ingi á ekki von á öðru en að þeir muni búa áfram í Svíþjóð. Hann segir að þeir Morten eigi margt sameiginlegt þótt þeir séu líka ólíkir. „Við erum alltaf að upp-götva skemmtilegar tengingar á milli okkar. Ég get nefnt að bróðir Mortens, Flemming Busk, er einn aðal húsgagnahönnuður Dana og það eru húsgögn eftir hann í tónlistarhúsinu Hörpu. Hann hefur aldrei komið til Íslands en hefur áhuga á landinu eftir að hann frétti af húsgögnunum sínum í Hörpu,“ segir Ingi Thor sem nýtur gleðinnar í Stokkhólmi í dag ásamt eiginmanni sínum. „Við lítum björtum augum til framtíðarinnar.“

ÚTSALAN HAFIN



Verð að komast á útsölu á í Soho

50-70% afsláttur af fatnaði

50% afsláttur af skarti klútum og töskum

10-20% afsláttur af standard bolum og toppum

Aðhalds-fatnaður 2.000 kr.

SOHO MARKET

Grensásvegi 8 - Sími 553 7300
Opnið mánudaga - fimmtudaga 12-18
föstudaga 12-19 og laugardaga 12-16



SOHO/MARKET A FACEBOOK

NORÐUR©©

Framleiðslustarfsmaður

- Fullt starf á Reykhólum

Við leitum að starfsmanni í framleiðslu á Reykhólum. Unnið er eftir vaktaplani og er starfsmönnum séð fyrir ferðum til og frá Reykjavík til Reykhóla, ásamt gistiástöðu á staðnum.

Starfssvið:

- Framleiðsla
- Pökkun
- Þrif
- Annað tilfallandi

Hæfniskröfur:

- Sjálfstæð vinnubrögð og löngun til að læra nýja hluti
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Skrifstofustarfsmaður

- 70% hlutastarf í Reykjavík

Vegna aukinna umsvifa leitum við eftir starfsmanni á skrifstofu okkar í Reykjavík til að taka þátt í örum vexti fyrirtækisins.

Starfssvið:

- Reikningagerð og önnur bókhaldsvinna
- Símsvörun, afgreiðsla og rafræn samskipti.

Hæfniskröfur:

- Góðir samskiptahæfileikar
- Reynsla og þekking á DK hugbúnaði
- Reynsla af skrifstofustörfum
- Menntun sem nýtist í starfi



Nánari upplýsingar veitir Garðar Stefánsson, framkvæmdastjóri.
Sími: 5379090

Umsóknir berist til Garðars á:
gardar@nordurco.com

Umsóknarfrestur er
til og með 13. ágúst.

www.vinna.is



VIÐ LEITUM AÐ YFIRÞJÁLFARA HJÁ YNGRI FLOKKUM KNATTSPYRNUDEILDAR

Yfirþjálfari hefur yfirumsjón með öllu faglegu barna- og unglíngastarfi knattspyrnudeildar í samráði við barna- og unglíngaráð og framkvæmdastjóra.

Leitað er að kraftmiklum leiðtoga í fullt starf sem hefur brennandi áhuga á að vinna með Stjörnunni að uppbyggingu öflugustu yngri flokka landsins í knattspyrnu.

Starfssvið yfirþjálfara yngri flokka

- Fagleg forysta um þjónustu við iðkendur.
- Uppbygging mannauðs og liðsheildar ásamt ábyrgð á þjálfaramálum.
- Yfirumsjón með skipulagi og daglegum rekstri starfsins.
- Þjálfun hjá einum flokki og þátttaka í æfingum annarra flokka.
- Forysta um þjálfunarleg gæði í starfinu og umbótastarf.
- Stefnumótun, markmiðasetning og áætlanagerð í samvinnu við barna- og unglíngaráð.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Brennandi áhugi á uppbyggingu yngri flokka knattspyrnudeildar og innleiðingu stefnu hennar.
- Jákvætt lífsviðhorf og framúrskarandi leiðtoga- og samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði, drifkraftur og stefnumótandi hugsun.
- Þjálfaramenntun — viðbótarmenntun æskileg.
- Framtíðarsýn og ósérhlífni.

Umsóknarfrestur er til og með 10. ágúst 2014

Umsækjendur eru beðnir að skila ítarlegri ferilskrá, kynningarbréfi og rökstuðningi fyrir hæfni til þess að sinna verkefninu til Jóhannesar Egilssonar, framkvæmdastjóra Stjörnunnar, á netfangið johannes@stjarnan.is, merkt yfirþjálfari knattspyrnudeildar.

Knattspyrnudeild Stjörnunnar er ein metnaðarfyllsta knattspyrnudeild landsins. Barna- og unglíngastarf deildarinnar ber ábyrgð á rekstri 2.-8. flokks og eru skráðir iðkendur deildarinnar nú 750. Hjá knattspyrnudeild starfa um 40 faglega sterkir og metnaðarfullir þjálfarar.

Verkfræðingur í radiódeild

Getur þú gert góða hluti betri? Við leitum að verkfræðingi eða tölvunarfræðingi sem kemur að bestun á farsímadreifikerfum Vodafone, hönnun, uppsetningu og rekstri þeirra. Unnið er í öllum nútíma farsímakerfum og að innleiðingu á 4G.

Allar nánari upplýsingar um starf og hæfniskröfur er að finna á vodafone.is/storf.

Umsóknarfrestur er til 10. ágúst 2014.

Vodafone
Góð samskipti bæta lífið



Mountaineers of Iceland

leita eftir starfsmönnum á verkstæði fyrirtækisins í Skútuvogi, Reykjavík

VERKSVIÐ:

- Viðgerðir og viðhald á breyttum jeppum
- Viðgerðir og viðhald á vélsleðum
- Ástandskoðanir bíla og vélsleða

HÆFNISKRÖFUR:

- Sveinspróf í vélvirkjun / bifvélavirkjun og eða úrræðagóður aðili með reynslu af viðgerðum
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Aukin ökuréttindi er kostur

Í boði er spennandi starf hjá framsæknu og traustu fyrirtæki sem starfar í ævintýraferðamennsku.

Umsóknir og frekari upplýsingar:

gudfinnur@mountaineers.is

Sími: 354 580 9900 / 696 5101

www.mountaineers.is



Spennandi og fjölbreytt atvinnutækifæri á Geysi

Verslunin á Geysi í Haukadal óskar eftir starfsfólki í allar deildir fyrirtækisins. Við leitum að duglegum einstaklingum með góða þjónustulund til að vinna með okkur á ört vaxandi vinnustað.

- Mikil tækifæri í boði
- Vinnutími og starfshlutfall eftir samkomulagi
- Umsóknir berist á netfangið heida@geysir.com




GEYSIR
HAUKADALUR

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent



Sérfræðilæknir á Menntadeild

40% staða sérfræðilæknis á Menntadeild er laus til umsóknar. Hlutverk Menntaeldar er m.a. að stuðla að árangursríku klínisku námi á LSH og faglegri þróun heilbrigðisstétta á sjúkrahúsinu. Enn fremur að hvetja til faglegra vinnubragða og skilvirkar samvinnu í þágu sjúklinga.

Menntadeild er staðsett í Eirbergi við Eiríksgötu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Þróun kandidatsárs lækna
- » Þróun og skipulag framhaldsnáms lækna í samvinnu við viðkomandi fræðasvið
- » Samskipti og samvinna við stofnanir vegna grunn- og framhaldsnáms lækna
- » Aðkoma að starfsþróun annarra heilbrigðisstétta

Hæfniskröfur

- » Sérfræðiviðurkenning á Íslandi
- » Áhugi og þekking á menntun heilbrigðisstétta
- » Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- » Reynsla af kennslustörfum æskileg

Nánari upplýsingar

- » Laun verða samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélag.
- » Umsókn skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnmunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað. Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til Hrundar Sch. Thorsteinsson, deildarstjóra Menntaeldar, Eirbergi, Eiríksgötu 34, 101 Reykjavík.
- » Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.
- » ATH. Fylla þarf út lágmarksupplýsingar í almenna umsókn á heimasíðu LSH og setja viðhengi, en ítarlegri upplýsingar fyllist út í umsókn fyrir læknastöðu, sjá slóð hér fyrir neðan: www.landlaeknir.is/utgefid-efni/skjal/item16341/.
- » Umsóknarfrestur er til og með 25.08.2014
- » Nánari upplýsingar veitir Hrund Sch. Thorsteinsson, netfang hrundsch@landspitali.is, s. 5431490.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélag og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



SÉRFRÆÐINGUR Í FRÆÐSLUMÁLUM

Starfið: Samgöngustofa leitar að sérfræðingi í fræðslumálum á samhæfingarsviði. Um er að ræða fjölbreytt starf sem snýst um að uppfræða nemendur og almenning um samgöngur og öryggismál ásamt fleiri verkefnum. Verkefni starfsmanns eru meðal annars fræðsla í leik-, grunn-, og framhaldsskólum ásamt leiðsögn til annarra sem vilja sinna fræðslumálum varðandi öryggi í samgöngum, viðhald fræðsluefnis á heimasíðu stofnunarinnar, svörun erinda um öryggismál samgangna, útsendingar á fræðsluefni, upplýsingaveita og ráðgjöf um málaflokkinn sem og almenn þátttaka í verkefnum á samhæfingarsviði. Starfshlutfall er 100%.

Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Kennsluréttindi æskileg
- Gott vald á íslensku og færni til að miðla upplýsingum í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í ensku og þekking á a.m.k. einu Norðurlandamáli er kostur
- Viðkomandi þarf að búa yfir miklu frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, vandvirkni, og hafa sérlega góða samstarfs- og samskiptahæfileika.
- Viðkomandi þarf að vera áreiðanlegur og jákvæður

Í boði er áhugavert starf með fjölbreyttum verkefnum þar sem hæfileikar og frumkvæði fá notið sín.

Umsóknarfrestur er til 18. ágúst 2014

Hægt er að sækja um með eftirfarandi hætti:

- á vefsvæði Samgöngustofu á síðunni www.samgongustofa.is
- senda umsókn (ferilskrá) með tölvupósti á netfangið atvinna@samgongustofa.is

eða

- senda skriflega umsókn á eftirfarandi heimilisfang:

Samgöngustofa
Bt. Ólafar Friðriksdóttur
Pósthólf 470
202 Kópavogur

Nánari upplýsingar veitir Þóra Magnea Magnúsdóttir, fræðslustjóri í síma 480 6000.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný.

Samgöngustofa er stjórnslustofnun samgöngumála með um 160 starfsmenn. Stofnuninni er ætlað að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Samgöngustofa annast eftirlit er varða flug, siglingar, umferð og öryggiseftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu.

Upplýsingar um Samgöngustofu má finna á heimasíðu www.samgongustofa.is.

Samgöngustofa



Sími: 480 6000 · www.samgongustofa.is



Þjónar þú með glæsibrag?

Gallery Restaurant leitar að aðstoðarfólki í sal og faglærðum þjónum til að skapa ógleymanlegar minningar fyrir gesti okkar. Nauðsynlegt er að umsækjendur séu með reynslu af veitingastörfum og hlýlega framkomu.

Bæði fullt starf og hlutastarf í boði.
Einnig eru lausar stöður fyrir þjónanema.

Umsóknir með mynd og ferilskrá sendist á umsokn@holt.is

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Garðaskóli

- smíða- og nýsköpunarkennari
- skólalíði

Hofsstaðaskóli

- umsjónarkennari

Leikskólinn Bæjarból

- sérkennslustjóri
- matráður

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is



FRÍSTUNDAHEIMILI GRUNNSKÓLAR LEIKSKÓLAR

VILTU MÓTA FRAMTÍÐINA MEÐ OKKUR?

Við leitum að fólki á öllum aldri af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.



SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR

Óskar eftir fólki til starfa við fjölbreytt störf með börnum og unglingum. Undir sviðið heyrir meðal annars rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar.

Hlutverk skóla- og frístundasviðs er að veita börnum og ungmennum í Reykjavík bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Í boði eru bæði heilsdagsstörf og hlutastörf.

Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is/storf



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|----------------------------------|----------------------------------|------------|------------|
| Sjúkraliðar í heimahjúkrun | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafjörður | 201407/593 |
| Verkefnisstjóri hjá endurmenntun | Landbúnaðarháskóli Íslands | Hvanneyri | 201407/592 |
| Reiðkennari og yfirumsjónarmaður | Landbúnaðarháskóli Íslands | Hvanneyri | 201407/591 |
| Sérfræðilæknir á Menntadeild | LSH, Menntadeild | Reykjavík | 201407/590 |
| Sérfræðingur í fræðslumálum | Samgöngustofa | Kópavogur | 201407/589 |
| Deildarlæknir Kvennadeild | LSH, Aðstoðarlæknar kvennadeilda | Reykjavík | 201407/588 |
| Sjúkraflutningamaður | Heilbrigðisstofnun Þingeyinga | Húsavík | 201407/587 |
| Móttökuritari | Heilsugæslan Grafarvogi | Reykjavík | 201407/586 |
| Lögreglustjórar | Innanríkisráðuneytið | Landsbyggð | 201407/585 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, Hjartagátt | Reykjavík | 201407/584 |
| Sérhæfður starfsmaður | LSH, Vefjarannsóknir | Reykjavík | 201407/583 |

ERTU MEÐ MEIRAPRÓF?

BM Vallá auglýsir eftir vönum bílstjóra til starfa.

Hæfniskröfur:

- Meiraprófsréttindi á vörubifreið
- Stundvísi og dugnaður
- Vinnuvélaréttindi kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Fyrirspurnir og umsóknir sendist á asbjorn@bmvalla.is.

Umsóknarfrestur er til 10. ágúst.

bmvalla.is



BM VALLÁ

Framtíðarstörf á Akureyri

- traustur vinnuveitandi og frábær starfsaðstaða.

Höldur óskar eftir að ráða bifvélavirkja og þjónusturáðgjafa til starfa á nýju og glæsilegu bílaverkstæði að Þórsstíg 4 á Akureyri. Á verkstæðinu er tækjastur og aðbúnaður allur í fremstu röð. Við viljum bæta við konum og körlum í frábæran hóp starfsfólks okkar.

Bifvélavirki

Starfssvið: Almennar bílgerðir.

Hæfniskröfur: Sveinspróf bifvélavirkjun eða lengra kominn nemi. Starfsreynsla æskileg. Hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæð vinnubrögð.

Þjónusturáðgjafi

Starfssvið: Móttaka viðskiptavina, símsvörun, bókanir og innskriftir tíma.

Hæfniskröfur: Próf í bifvélavirkjun kostur. Mikill áhugi og þekking á bílum, hæfni í mannlegum samskiptum, rík þjónustulund og góð almenn tölvukunnátta.

Upplýsingar um störfin veitir Ari Þór Jónsson - þjónustustjóri í síma 840-6060 eða arij@holdur.is.

Umsóknarfrestur er til 15. ágúst 2014.

Hægt er að sækja um störfin á slóðinni: www.holdur.is/verk/storf

Höldur



Höldur ehf. var stofnað árið 1974. Húsið fyrir starfa um 100 manns á 16 stöðum á landinu. Bilaverkstæði. Hósti er þjónustuhúsi fyrir Helli, Bæjar, Óskju og Brimborg og annast auk þess vögrör á öllum tegundum bíla.

Höldur ehf. • Tryggvabraut 12 • Sími 461-6000 • holdur@holdur.is • www.holdur.is



SKÚTUSTAÐAHRÉPPUR

Deildarstjóri - Sérkennari.

Við leitum eftir fagmenntuðum og áhugasömum starfskrafti við leikskólann Yl. frá og með **1. september n.k.** Um 100% stöðu er að ræða. Viðkomandi hefur tækifæri til að koma að skipulagi og mótun á starfsemi leikskólans til framtíðar.

Ylur er 16 – 18 barna leikskóli í Mývatnssveit í mjög skemmtilegu umhverfi með mikla möguleika á fjölbreyttu starfi. Leikskólinn er starfræktur við hlið stjórnsýsluhúss Skútustaðahrepps í þéttbýliskjarnanum í Reykjahlíð. Um lítinn leikskóla er að ræða, en ágæt aðstaða. Í Mývatnssveit búa um 380 manns og þar er öll helsta þjónusta til staðar. Húsnæði er í boði fyrir viðkomandi.

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun, sérkennaramenntun eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sérkennslu æskileg
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi.
- Góð íslensku kunnátta.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi KÍ og Launaneftdar sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar veitir Þóra Ottósdóttir, leikskólastjóri í síma 895-6731.

Umsókn skal skila á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegur 6, 660 Mývatn, fyrir **11. ágúst n.k.**



Matreiðslunemar

Sjávargrillid leitir eftir metnaðarfullum einstaklingum á samning í matreiðslu.

Frekari upplýsingar er að finna í síma 8665001 eða gustav@sjavargrillid.is



KAFFIBARÞJÓÐAR ÓSKAST

HEFUR ÞÚ ÁHUGA Á KAFFI OG TE?

TE & KAFFI leitir að frábærum liðsfélögum til að bæta í hóp okkar jákvæðu, duglegu og framúrskarandi starfsmanna.

Um er að ræða framtíðarstörf, 70-100% starfshlutfall.

Aldurstakmark 20 ár.
Umsóknir berist á atvinna@teogkaffi.is fyrir 10. ágúst.

teogkaffi.is

SÖLUMAÐUR ÓSKAST Í DRESSMANN SMÁRALIND.

UM ER AÐ RÆÐA SÖLUSTARF, ÚTSTILLINGAR OG ALMENN AFGREIÐSLUSTÖRF. VIÐ LEITUM SÉRSTAKLEGA EFTIR BROSILDUM, HRESSUM OG DUGLEGUM STARFSMANNI. VINNUTÍMI ER FRÁ KL. 13:00-19:00 UMSÆKJANDI ÞARF AÐ VERA ÖRÐINN 20 ÁRA.

ÁHUGASAMIR HAFI SAMBAND VIÐ RAGNAR HÓLM VERSLUNARSTJÓRA Í VERSLUN OKKAR ÞRIÐJUDAG 5. ÁGÚST OG MIÐVIKUDAG 6. ÁGÚST MILLI KL. 11 OG 17. NÁNARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 5659730 EÐA 8479042.

Dressmann®



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Deild fyrir einhverfa nemendur Stuðningsfulltrúi

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða stuðningsfulltrúa í fullt starf við sérdeild fyrir einhverfa nemendur. Góð reynsla og færni í störfum tengdum ungu fötluðu fólki er nauðsynleg. Hæfni í mannlegum samskiptum, rík þjónustulund og jákvæð framkoma er einnig mikilvæg. Viðkomandi þarf að hafa drifkraft og frumkvæði til að leysa þau verkefni sem undir starfið falla.

Stuðningsfulltrúi er kennum til aðstoðar við að sinna einum eða fleiri nemendum.

Laun fara eftir kjarasamningum ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. **Umsóknarfrestur er til 12. ágúst.**

Nánari upplýsingar veitir skólameistari í síma 594 4000 eða á netfangi margret.fridriksdottir@mk.is eftir 5. ágúst.

Skólameistari



ARKITEKT ÓSKAST!

YRKI ARKITEKTAR ÓSKA EFTIR AÐ RÁÐA
METNAÐARFULLA OG HÆFA EINSTAKLINGA

VIÐ MAT Á UMSÓKNUM VERÐUR EFTIRFARANDI
HAFT TIL HLIÐSJÓNAR:

- NÁM OG STARFSREYNSLA.
- REYNSLA VIÐ GERÐ AÐALUPPDRATTA OG VERKTEIKNINGA.
- GÓÐ ÆKKING Á TEIKNIFORRITUM – REVIT, AUTOCAD, SKETCHUP, V-RAY OG PHOTOSHOP.

UMSÓKN ÁSAMT FERILSKRÁ OG VERKMÖPPU ÓSKAST SENT Á
NETFANGIÐ SOLVEIG@YRKI.IS EIGI SÍÐAR EN 10.ÁGUST 2014

WWW.YRKI.IS



HÓTELSTJÓRI

Kvosin Downtown Hotel auglýsir eftir
umsóknnum vegna stöðu hóteltjóra

Umsóknarfrestur er til og með 10. ágúst

Hæfniskröfur:

- Haldbær reynsla af hóteltörfum
- Menntun á sviði ferðamálafræði, hóteltækis eða samskonar menntun sem nýtist í starfi
- Góð tungumála, tölvu og samskiptakunnátta
- Góð stjórnunar og skipulags kunnátta

Fyrirspurnir og umsóknir
skal senda ásamt ferilskrá á
thorsgardur@thorsgardur.is



Eirhamrar

- Öryggisíbúðir í Mosfellsbæ

Höfum lausar öryggisíbúðir til leigu í
Eirhömrum, Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ

- Í Eirhömrum eru 53 öryggisíbúðir, þar sem veitt er heima- og hjúkrunarþjónusta.
- Öryggisvakt allan sólarhringinn.
- Í Eirhömrum er matsalur og félagsmiðstöð.
- Upplýsingar veittar hjá Eir hjúkrunarheimili í síma 522 5700 á skrifstofutíma og í netfangi, edda@eir.is.

Eir, hjúkrunarheimill og öryggisíbúðir, Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík. ☎ 522 5700




VIÐSKIPTATÆKIFÆRI

Undirrituðum hefur verið falið að afla tilboða í hlutabréf fyrirtækis sem er í sérhæfðri kjötvinnslu og verslunarrekstri. Velta félagsins verður á milli 120-150 milljónir í ár. Til greina kemur sala á hluta eða öllum bréfunum. Nánari upplýsingar eru fáanlegar hjá undirrituðum gegn undirritun trúnaðaryfirlýsingar.

Spekt ehf Pétur Valdimarsson s. 587 7600

Óska eftir...



Vantar fleiri 100 fm og stærri
sumarhús í Grímsnesinu á skrá

Allar nánari upplýsingar veita
Jason Ólafsson,
sölufulltrúi
sími: 775-1515
jassi@miklaborg.is

